

# SKÓLAVARÐAN

7. tbl. 9. árg. nóvember 2009

Málgagn Kennarasambands Íslands



**ÍSLENSKA Í FRAMHALDSSKÓLUM – KENNARAR RÆÐA SAMAN**

Heilsustefna í leikskólum

Ráðherra á svæðisþingi tónlistarskóla

Skólapiing

Hljóðvist

# Í öruggum höndum í bíl frá okkur



## Bílarnir okkar eru:

- í hæsta gæðaflokki
- umhverfisvænir
- með öryggisbelti
- með sjónvarpi og DVD
- með fyrsta flokks bílstjórum

Flottir bílar - frábær þjónusta



## Hafðu samband:

Iceland Excursions - Allrahanda

Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík

Sími: 540 1313

[www.allrahanda.is](http://www.allrahanda.is) - [ruta@allrahanda.is](mailto:ruta@allrahanda.is)

***Icelandexcursions***  
*Allrahanda*



Formaður og varaformaður KÍ og formenn aðildarfélaganna KÍ skiptast á um að skrifa formannspistla í Skólavörðuna. Félögin á bak við formannspistlana eru: Félag framhaldsskólakennara (FF), Félag grunnskólakennara (FG), Félag leikskólakennara (FL), Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS), Félag tónlistarskólakennara (FT), Skólafélög Íslands (SÍ).



Eiríkur Jónsson  
formaður KÍ

## Þetta er alvara en ekki leikrit

Af fréttafloppningi síðustu daga októbermánaðar hefði mátt ætla að nýtt efnahagshrun væri yfirvofandi á Íslandi og örlög samfélagsins réðust af því hvort Samtök atvinnulífsins nýttu rétt sinn til að segja upp samningum á almennum vinnumarkaði.

Það er með ólíkindum hvernig forseta ASÍ og framkvæmdastjóra SA tókst að láta fjölda fólks halda að allt væri að fara til fjandans helgina 24. til 25. október og dagana þar á eftir. Allir fréttatímar voru yfirfullir af viðtölum við þá og af orðum þeirra mátti ráða að hér væri í uppsiglingu annað hrun ef ekki tækist að verja kjarasamninga ASÍ. Það er jafnframt ótrúlegt að fjölmiðlar skuli tala við sömu menn um sama mál oft á dag, dag eftir dag, án þess að nokkuð nýtt hafi gerst. Þetta minnti um margt á viðtöl við völvu Víkunnar.

Þegar stöðugleikasáttmálinn var undirritaður í lok júní var frá því gengið að samningar á almennum vinnumarkaði yrðu endurskoðaðir í lok október og þá gætu vinnuveitendur sagt þeim upp ef svo bæri undir. Jafnframt var ákveðið að samningar á opinberum markaði yrðu á hliðstæðum nótum og á almennum markaði. Strax í lok sumars kom í ljós að ekki var allt sem sýndist og launahækkningar á almennum vinnumarkaði, sem áttu að takmarkast við taxta undir 220 þúsund krónum, komu á taxta allt að 310 þúsund krónum. Þetta breytti að sjálfsögðu forsendum og varð til þess að Kennarasamband Íslands hefur enn ekki lokið samningagerð fyrir félagsmenn sína. Þrátt fyrir þá staðreynd hafa forsvarsmenn KÍ ekki látið þetta trufla sig í þeirri vinnu sem farið var í vegna stöðugleikasáttmálans. Af þessum sökum kom því nokkuð undarlega fyrir sjónir þegar því var haldið fram að allt færi hér á annan endann ef samningum á almennum markaði yrði sagt upp en engu skipti þótt fjölmargir opinberir starfsmenn væru samningslausir.

Kennarasamband Íslands hefur nálgast vinnuna við stöðugleikasáttmálann á þann hátt að nú væri mikilvægast að ná tökum á efnahagsmálum þjóðarinnar á breiðum grunni og að ekki hafi verið svigrúm til launahækkana síðastliðið vor. Kennarasambandið telur að forsenda fyrir kjarabótum skapist þegar vextir lækka, krónan styrkist og hjól atvinnulífsins fara að snúast eðlilega á nýjan leik. Til að liðka fyrir þessu settu félög innan KÍ ekki fram kröfur um launahækkningar í vor heldur lögðu áherslu á að allt svigrúm sem skapaðist yrði nýtt til

að verja störf og kjarasamningsbundin laun.

Kennarasamband Íslands hefur ekki viljað taka þátt í hanaslagnum á milli ASÍ og SA annars vegar og stjórnvalda hins vegar um stóriðju-skatta, kvótakerfi og fleiri stór deilumál í stjórnáttum. Ástæðan er fyrst og fremst sú að KÍ sem samtök hefur ekki mótað sér stefnu í þessum málum og fullvíst má telja að félagsmenn KÍ hafi mismunandi skoðanir á þeim. Kennarasambandið hefur hins vegar ekki mótmælt því að skattar verði hækkaðir til að koma í veg fyrir enn meiri niðurskurð á þjónustu hins opinbera og verja með því um leið velferðarkerfið og þar með talið skólaskattinn sem aldrei er mikilvægara en á þrengingartímum.

Á undanförunum vikum hefur oft mátt ætla af málflutningi forseta ASÍ og SA að stöðugleikasáttmálinn sé ígildi kjarasamnings og að hann sé milli þeirra og ríkisins. Hvort tveggja er að sjálfsögðu rangt. Um sáttmálann voru aldrei greidd atkvæði af félagsmönnum eins og ber að gera þegar um kjarasamning er að ræða og þess vegna hefur hann ekki stöðu kjarasamnings. Sáttmálinn er fyrst og fremst viljayfirlýsing forystu stéttarfélaganna á almennum og opinberum vinnumarkaði ásamt SA, ríki og sveitarfélögum. Í viljayfirlýsingunni koma fram þau markmið og tímasetningar sem aðilar komu sér saman um að vinna eftir og töldu líklegar til að auðvelda endurreisn þjóðfélagsins.

Bægslagangurinn dagana áður en ákvörðun var tekin um að segja ekki upp samningum á almennum vinnumarkaði var hefðbundið sjónarspil eins og allir vita sem hafa tekið þátt í fundum með ráðherrum ríkisstjórnarinnar upp á síðkastið.

Í vinnunni framundan er eðlilegt að hagsmunir þjóðarinnar í heild verði hafðir að leiðarljósi og menn leggi til hliðar þörf á að láta ljós sitt skína. Mikilvægt er sammælast um að þær byrðar sem leggja þarf á landsmenn og fyrirtæki leggist sem jafnast á þá sem þær geta borið, hvort sem um er að ræða einstaklinga eða fyrirtæki. Einungis þannig getum við vænst þess að endurreisa efnahagslífið, verja störfin og standa vörð um mikilvægustu gildin í samfélaginu og síðast en ekki síst, ná sátt á meðal Íslendinga.

Eiríkur Jónsson



Ljósmynd: Kristján Valdimarsson

Góður vetur framundan

# Týndi tetíminn

Í bókinni *Lífið, alheimurinn og allt* eftir Douglas Adams notar persónan Wowbagger hinn eilífi þessi orð til að lýsa óbærilegum leiðindum sínum á sunnudagsmorgni: *Langur dimmur tetími sálarinnar*. Adams endurnýtti svo frasann sem titil á uppáhaldsbókina mína eftir hann en hún fjallar um spæjarann Dirk Gently og er framhald af bókinni *Dirk Gently's holistic detective agency*. Flestir halda – og ég þeirra á meðal – að Douglas hafi verið að leika sér með umsnúning á titlinum *Dimm nótt sálarinnar* en það er 16. aldar rit eftir spænska karmelítaprestinn, skáldið og dulhyggjumanninn Sankti Jón af krossinum. Frasinn öðlaðist eilíft líf sem myndlíking fyrir andlega kreppu kristinnar sálar á leið til guðs, kreppu sem einkennist af einmanaleika og öng.

Það er örugglega hægt að finna margar fjölmargar persónur í þessum hlutverkum á Íslandi núorðið, þá sem geta ekki beðið eftir að leiðindunum linni (kreppunni) og þá sem knýja dyra og krefjast svara í niðimmri nóttinni, hryggir og angistarfullir.

Te er til margra hluta nytsamlegt. Við þurfum ekki að bíða eftir síðdegisteinu eins og Wowbagger. Við getum bruggað okkar te á hvaða tíma dags sem er. Vandræði okkar eru ef til vill frekar fólgin í því að við gleymdum að fá okkur te.

Eins og margt fleira gott barst Japönum teið frá Kína. Og eins og með svo margt þá tóku Japanir þennan góða drykk og gerðu úr honum *dásemð*. Tedrykkja varð að umbreytingarferli með sína eigin fagurfræði, wabi-sabi, þar sem fegurðar hins stundlega og ófullkomna er notið í núinu – og svo er það farið. Ekkert varir að eilífu, engu er nokkurn tímann að fullu lokið. Nálægð, einfaldleiki og hógværd eru einkenni á wabi og tedrykkju.

Tedrykkja, jafnvel sú vestræna, er eins og klæðskerasniðin fyrir *núíð*. Maður þarf að taka til áhöldin, hita vatnið, koma telafunum fyrir,

bíða, hella í bollann, drekka. Nógu einfalt til vefjast ekki fyrir okkur en nógu flókið til að gerast ekki umhugsunarlaust.

Ég var rétt í þessu að koma frá því að hlusta á frábær erindi og umræður um barnvænt samfélag. Aftur og aftur var haft orð á því að tímaleysi væri vont fyrir börn. Fólk ræddi um hvað vinnuvikan væri löng og hve börn væru farin að vera langan dag hjá dagforeldrum og í leikskólum. Bent var á að börn, sérstaklega lítil börn, þyrftu dágóða stund með foreldrum sínum á hverjum degi vegna þess að án ástar tengsla þroskaðist heili þeirra ekki jafn vel og ella og líkur ykjast á hvers kyns ofbeldishegðun og fákunnáttu í samskiptum.

Nú er rétti tíminn til að bjóða samkennurum upp á tebollla, setjast niður í rólegheitunum og ræða málin. Arnar Yngvason leikskólakennari sagði á ráðstefnunni áðan: „Núna eru ekki andlegir krepputímar.“ Ég tek undir þetta og bæti við: Núna er tíminn til að blása rykið af námskenninum og rifja upp hvað manneskjan getur orðið fyrir tilstilli náms. Blása á teið og í glæður Vygotsky, Dewey, Illich, Noddings, Dewey, Gardner, Bandura, Rousseau, Gramsci, Froebel, Freire, Bernstein, Montessori, Steiner, Pestalozzi, Saadaawi, Aristóteles, Gandhi, Malaguzzi, Siegel, Lave, Mezirow, Boyd eða annarra sem maður hefur mætur á. Standa svo upp að loknu tei og hrinda betra samfélagi í framkvæmd.

Njótið tesins,

Kristín Elfa Guðnadóttir

## EFNISYFIRLIT

Formannspjall: Þetta er alvara en ekki leikrit	3	Hugmyndafræði í framkvæmd: Heilsustefnan	14
Leiðari: Týndi tetíminn	4	Fréttir: Vetrarpantanir á orlofshúsum, vinnuumhverfisbólur o.fl.	16
Gestaskrif: Hraðspólað um einsöguna	5	Hringborðið: Engin ein bók getur mætt þörfum allra nemenda	18
Kjaramál: Launaseðlar, vangreidd og ofgreidd laun	7	Svæðisþing: Vægi listgreina verði aukið til muna	20
Teiknimyndasagan: Skóladaðgar	7	Skólaþing: Getum við aukið gæðin í núverandi árferði?	22
Fréttir: Starfsendurhæfingarráðgjafi, sjúkradagpeningar	8	Ályktun: Framhaldsskólinn og fjárlagafrumvarpið	26
Vinnuvernd: Hljóðvist í grunn- og leikskólum	10	Námsgögn: Með tímans göngulagi	28
Fyrirlestur: Aftur til Pompei	12	Fréttir: Ritdómur í Netlu, nýjar bækur eftir Arnheiði o.fl.	29
Skólamálaráð: Innihaldsríkur fræðslufundur	13	Smiðshöggvið: Þeir Jónar Comenius og Thorkillius	30

**Ritstjóri:** Kristín Elfa Guðnadóttir kristin@ki.is  
**Ábyrgðarmaður:** Eiríkur Jónsson eirikur@ki.is  
**Umsjónarmaður félagats:** Sigríður Sveinsdóttir sigridur@ki.is / sími 595 1115  
**Hönnun:** Zetor ehf.  
**Ljósmyndir:** Jón Svavarsson, nema annars sé getið

**Forsíðumynd:** Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir íslenskukennari í FÁ  
**Auðlýsingar:** Stella Kristinsdóttir stella@ki.is / sími 595 1142 eða 867-8959  
**Prentun:** Ísafold  
**Skólavarðan, s. 595 1104 (Kristín) Laufásvegi 81, 101 Reykjavík**



KENNARASAMBAND  
ÍSLANDS

# Hraðspólað um einsöguna



Hildur Helga Sigurðardóttir

Það er gaman að vera boðið að skrifa í það ágæta blað Skólavörðuna. Eins og ég hef þó forðast kennarastarfið sem heitan eldinn, á ekki sérlega góðar minningar um eigin skólagöngu og langaði sist af öllu að ganga í þá stétt, sem ég hef til skamms tíma borið til blendnar tilfinningar.

Mín fyrstu kynni af skólagöngu fólust í tímakennslu hjá aldraðri konu í Vesturbænum, sem hafði á sér sérlega gott orð fyrir það að koma ungum börnum til vits. Sem betur fer man ég ekki hvað konan hét, enda yrði hún ekki nafngreind hér þó ekki væri nema afkomenda hennar vegna, hafi hún átt nokkra slíka.

Nema hvað, að uppi á efstu hæð í stóru steinhúsi í gamla Vesturbænum sátum við, hnípinn hópur ungra barna foreldra sem eflaust töldu að þau væru að veita okkur frábært forskot á menntabrotinni, skjálfandi af hræðslu við manneskju sem í okkar augum var ekkert annað en versta norn í heimi.

Gluggarnir voru allir lokaðir – alltaf – hitinn var óþolandi, frímínútur bannaðar, þó að umhverfis húsið væri fallegur garður. Hver dagur hófst á því að „nornin“ lét glyrnurnar hvarfla yfir hópinn. Eftir langa þrúgandi þögn lýsti hún því yfir hvern, eða hverja, hún væri að „hugsa um að láta sitja eftir þann daginn“. Það þurfi sumsé ekki að gera neitt af sér til sektar. Hún sá það á okkur fyrirfram. Stundum var ég þessi fyrirfram seka og þá var kennsludagurinn auðvitað ónýtur. Það eina sem komst að í barnshuganum var svakaleg skömmin yfir því að vera látin sitja eftir, ein með þessari hræðilegu konu og hvað hún

myndi hugsanlega gera við litla stelpu í þessu loftlausa rými. Oftast reyndist hótunin um eftirsetuna orðin tóm, a.m.k. í mínu tilvik, en áhrifin voru þau sömu.

Hitinn óbærilegi- og hugsanlega hræðslan gerðu það að verkum að við vorum sífellt með blóðnasir. Fyrir það vorum við að sjálfsögðu skömmuð blóðugum skömmum, en þó var legubekkur aftast í skólastofunni þar sem þau með blóðnasirnar gátu lagt sig svo blóðið færi nú ekki að subba út fínu skólastofuna. Svo var líka til reiðu bómull til að troða upp í nasirnar.

Það var nokkuð liðið á mína skólagöngu áður en ég gerði mér grein fyrir því að blóðnasir væru ekki sjálfsagður fylgifiskur barna á menntabrot, a.m.k. þeirra sem voru svo heppin að fá að vera í tímakennslu.

Hugsanlega hefur kellingarskömmin kennt okkur eitthvað. Það eina sem ég man af því er þó hugtakið ypsilon, sem mér fannst merkja


**Það var nokkuð liðið á mína skólagöngu áður en ég gerði mér grein fyrir því að blóðnasir væru ekki sjálfsagður fylgifiskur barna á menntabrot, að minnsta kosti þeirra sem voru svo heppin að fá að vera í tímakennslu.**

blóðrauðu berin á trjánum í garðinum sem við sáum út um svitastorknar rúðurnar.

Einu sinni reyndi ég uppreisn. Neitaði að fara í tímakennsluna og skreið undir stóra flygelinn heima á Öldugötunni þar sem fjölskylda mín bjó á þessum árum. Foreldrar mínir voru svona frekar upptekið fólk. Amma, sem var mér afskaplega góð og reyndar frekar eftirlát, lét þó ekkert eftir mér í það skiptið. Notaði eina trixið í bókinni: „Ef þú ferð ekki sjálfviljug í tímakennsluna kemur kennarinn og sækir þig“. Þetta svinvirkaði. Af tvennu illu var þó skárna að drattast sjálf upp á Bárugötu, með öllu sem því fylgdi.

Svona lærði ég sem sagt að ganga í skóla. Þó að framhaldið yrði síðan með ýmsu móti, stundum mun betra og sjaldnast verra en forleikurinn, þá fylgdi kvíðahnúturinn í maganum alla leið upp í háskóla.

Nú virðist öldin vera önnur, enda hefði ég aldrei samþykkt að láta mitt barn ganga í



## Hver bekkur fékk úthlutað einni ítalskri borg og skólafunum var umbylt í samræmi við það. Það var ekki lítið gaman að rölta á milli tiskuborgarinnar Mílanó, mafíubæla á Sikiley, síkjanna í Feneyjum og keisarahalla í Róm, svo að eitthvað sé nefnt.

gegn um aðrar eins pískir. Foreldrum fyrri áratuga var þó vorkunn þar sem þá tíðkaðist ekki það nána samstarf heimila og skólafunna, a.m.k. á grunnskólastigi, sem nú er regla frekar en undantekning.

Sem móðir fimmtán ára unglings í tíunda bekk hef ég á liðnum árum fengið ómetanlega innsýn í hans skólagöngu, allt frá leikskólaárunum til dagsins í dag. Vissulega hlýtur sú innsýn að vera í formi „einsögunnar“, frekar en fræðilegrar úttektar. Að eiga barn í skóla hlýtur þó að vera besta leiðin til að kynnast skólakerfinu fyrir þá sem ekki starfa innan þess sjálfir.

Það sem einna oftast hefur komið upp í minn huga, sem móður skólabarns á liðnum árum, er hve miklu skemmtilegra ég held það hljóti að vera í skólanum núna en á minni tíð. Alveg frá leikskólastiginu, sem samkvæmt skilgreiningu mun nú flokkast sem fyrsta skólastigið, er verið að vinna með skynjun og skilning ungvíðisins á skemmtilegan og mannbætandi hátt. Oft hefur mér þótt framlag leikskólakennara vanmetið – svo sannarlega til launa. Þegar fóstur áttu í kjarabaráttu fyrir nokkrum árum varpaði ég því fram í alvöru að þær mættu vel vera á ráðherralanum, svo mikilvægt væri framlag þeirra til fyrstu skrefa barnanna okkar í skólakerfinu. (Að gefnu tilefni vona ég innilega að hið fallega nafn fóstura, eða fóstura, fái að halda sér sem starfsheiti í íslensku máli).

Svo hratt sé farið yfir sögu þá er núna alveg einstaklega gaman að fylgjast með fallegum og frjálsum krökkum í tíunda bekk Hagaskóla æfa sig fyrir Skrekkinn, hæfileikakeppnina, sem reynir fyrst og fremst á frumkvæði og sköpunarkraft þeirra sjálfra og endar með

úrslitum á sviði Borgarleikhússins. Í fyrri fengu þau svo að breyta skólanum sínum í „Litlu-Ítalíu“. Hver bekkur fékk úthlutað einni ítalskri borg og skólafunum var umbylt í samræmi við það. Það var ekki lítið gaman að rölta á milli tiskuborgarinnar Mílanó, mafíubæla á Sikiley, síkjanna í Feneyjum og keisarahalla í Róm, svo að eitthvað sé nefnt. Að kvöldi lokadags þessa Ítalíuátaks fengu krakkarnir síðan að snæða kvöldverð við kertaljós í fagurlega skreyttum stofunum, orðin margs vísari um sögu og menningu þessa merka lands. Gamlir Hagskælingar í hópi foreldra fengu næstum því kökk í hálsinn af hrifningu yfir því hvernig þarna tvinnuðust saman skemmtun, sköpun og fróðleikur.

Vissulega má þó alltaf bæta í skólafunum. Sumir vankantar koma vissulega til af fjárskorti frekar en skorti á góðum vilja. Bekkir eru t.d. ennþá oft allt of fjölmennir og erfitt að ímynda sér þann kennara sem ekki tekur undir það. Þá sýnist mér að þrátt fyrir það sem hér er á undan talið megi enn leggja meiri áherslu á munnlega tjáningu. Á það jafnt við um erlend tungumál og þjálfun í að setja móturmálið fram með skýrum hætti. Það háir mörgum fullorðnum að vera óskýrmæltir og sérstaklega mætti mörg konan læra að beita röddinni betur.

Síðan býður fjölþjóðasamfélagið, sem orðið er til í skólunum, auðvitað upp á nýjar ögranir og viðfangsefni. Hvaða mál tala börnin t.d. heima hjá sér? Oft eru fleiri en eitt eða tvö tungumál í gangi í umhverfi þeirra utan skólafunnar. Er slíkt „vandamál“ eða býður það hugsanlega upp á aukinn skilning og málþroska?

Á þessu hausti hef ég sjálf fengið að upp-lifa

kennslu hinum megin borðsins þar sem ég hef endrum og eins tekið að mér að kenna ensku í forföllum við Fjölbrotaskóla Suðurlands á Selfossi. Ekki er nú ástæða til að stæra sig af þeim „langa ferli“ í menntakerfinu en sú stutta reynsla hefur þó komið mér gleðilega á óvart.

Sem unglingsmóðir þurfti ég sem betur fer ekki að takast á við „unglingahræðsluna“ sem hrjáir marga sem þekkja lítið til þessa þjóðflokks af eigin raun. Ég vissi fyrir að unglingar eru besta fólk og að þetta stig milli bernsku og fullorðinsára er afar áhugavert fyrir þá sem á annað borð hafa áhuga á mannsálinni.

Ég hefði hins vegar ekki trúað því að óreyndu hvað það er gaman og gefandi að kenna, a.m.k. við stofnun þar sem stemningin er jafn jákvæð og góð og í FSU, jafnt í skólafunni sem á kennarastofunni. Ég er því eiginlega komin hringinn og sýnist, miðað við eigin „einsögulegu“, reynslu, íslenska skólakerfið frekar hafa gengið til góðs götuna fram eftir löngum veg.

**Hildur Helga Sigurðardóttir**  
Höfundur er blaðamaður.

# Launaseðlar, vanggreidd og ofgreidd laun

Það er afar mikilvægt að starfsmenn fylgist með launaseðlum sínum og athugi hvort þeir séu réttir. Skyld er að ákveðin atriði komi fram á launaseðlum en önnur eru eingöngu til upplýsinga fyrir starfsmann. Í kjarasamningi segir að starfsmaður eigi rétt á launaseðli en þar segir ekki hvort hann eigi að vera útprentaður eða rafrænn. Núorðið eru launaseðlar oft rafrænir og birtast í heimabönkum sem virðist verða til þess að þeir eru ekki skoðaðir í sama mæli og áður. Ég vil því brýna fyrir félagsmönnum að láta það ekki koma í veg fyrir að þeir fari yfir launaseðlana. Þeir starfsmenn sem kjósa frekar að fá launaseðilinn sinn útprentaðan eins og áður geta yfirleitt óskað eftir því.

En hvað skal hafa í huga þegar farið er yfir launaseðla? Starfsmaður á rétt á að fá launaseðil merktan nafni sínu. Þar skulu tilgreind föst laun fyrir það tímabil sem um er að ræða en þar á einnig að koma fram fjöldi yfirvinnustunda. Öll yfirvinna skal greidd eftir á fyrir hvern mánuð eða hverja þrjátíu daga og komi til útborgunar eigi síðar en 15 dögum eftir síðasta dag reikningstímabils, sama gildir um greiðslu fyrir yfirvinnu á veikindatímabili. Á launaseðli skal einnig koma fram sundurliðun einstakra tekna og frádráttarliða sem leiða til útgreiðdra launa. Helstu frádráttarliðir eru staðgreiðsla skatta, iðgjald í lífeyrissjóð og félagsgjald til KÍ. Fyrir utan það sem skylt er að komi fram á launaseðli má nú sjá hjá sumum launagreiðendum ýmislegt til upplýsingar fyrir starfsmanninn, s.s. mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð og framlag í hina ýmsu sjóði, líkt og endurmenntunarsjóð, orlofsjóð og sjúkrasjóð. Það er mjög mikilvægt að starfsmaður geymi launaseðla því þeir eru

kvittun hans fyrir því að launagreiðandi hafi haldið eftir félagsgjaldi, iðgjaldi í lífeyrissjóð og staðgreiðslu skatta.

Töluvert af erindum sem berast til mín varða launaseðla og hvort þeir séu réttir. Spurt er út í öll atriðin sem ég nefndi hér að ofan sem og annað sem þar kemur fram, líkt og launaflokkaröðun, launaleiðréttingar o.p.h. Þótt yfirleitt sé hægt að leiðrétta rangar launagreiðslur þá getur tömlæti starfsmanns stundum orsakað að launakröfu aftur í tímann er hafnað. Almenna reglan er þó sú að á launagreiðanda hvíli meiri ábyrgð en launþega þegar kemur að útreikningi launa.

Þegar um vanggreidd laun er að ræða eru í flestum tilfellum gerðar leiðréttingar allt að fjögur ár aftur í tímann frá þeim tíma sem krafa er sett fram. Það skiptir miklu máli að krafa sé sett fram á skýran og sannanlegan hátt til að leiðrétting miðist við þann tíma sem krafa er sett fram um.

Ef laun hafa verið ofgreidd er ekki sjálfgefið að draga eigi laun af starfsmanni. Það gæti til dæmis átt við þegar um er að ræða lága fjárhæð á mánuði yfir langt tímabil og starfsmaður hefur tekið við launum í góðri trú um að þau hafi verið rétt, þó að uppsöfnuð fjárhæð kunni að vera orðin há. Í þeim tilfellum hins vegar þar sem um er að ræða háa greiðslu umfram hefðbundin laun, hvort sem hún er borguð út í lengri eða skemmri tíma, er heimilt að krefjast endurgreiðslu og draga af launum starfsmanns. Oftast er reynt að fara sanngjarna leið og samið um að ofgreidd laun séu dregin af launum þannig að starfsmaður ráði við það. Mikilvægt er að starfsmanni sé kynnt fyrirfram fyrirkomulag launafrádráttar vegna ofgreiðslu.



Ingibjörg Úlfarsdóttir  
launafulltrúi KÍ

Ljósmynd: Steinunn Jónasdóttir

Ef þið hafið einhverjar spurningar um þetta eða annað er ykkur velkomio að hringja til mín í síma 595 1111 eða senda mér tölvupóst á netfangið [ingibjorg@ki.is](mailto:ingibjorg@ki.is)

Ingibjörg Úlfarsdóttir  
launafulltrúi KÍ



# Ráðgjafi á sviði starfsendurhæfingar ráðinn til starfa hjá KÍ

**Ráðgjöf á sviði starfsendurhæfingar er ný þjónusta sem er samvinnuverkefni stéttarfélaganna og Virk, Starfsendurhæfingarsjóðs.**

Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku. Það er m.a. gert með því að auka virkni og efla endurhæfingu og önnur úrræði. Sjá nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingarsjóð á [www.virk.is](http://www.virk.is)

Verkefni ráðgjafa er að hitta félagsmenn sem vegna veikinda eða slysa eru frá vinnu eða eiga á hættu að hverfa frá vinnu vegna veikinda.

**Margrét Gunnarsdóttir** hefur verið ráðin sem ráðgjafi til að sinna félagsmönnum Kennarasambandsins. Hún er með aðstöðu í Borgartúni 6. Hægt er að hafa samband við Margréti í síma 588 8396.

Ráðgjöfin tekur mið af aðstæðum hvers og eins, með það að markmiði að viðkomandi einstaklingur nái sem mestri færni og geti snúið til starfa á ný. Lögð er áhersla á jákvæða nálgun og gott samstarf. Ráðgjöfin er félagsmönnum að kostnaðarlausu.

**Þjónusta ráðgjafa felst m.a. í:**

- Mati á starfshæfni sem tekur mið af heilsufarslegum jafnt sem félagslegum þáttum.
- Aðstoð við gerð og eftirfylgni einstaklingsbundinnar virkniáætlunar.

- Leiðbeiningum um réttindi, greiðslur og ýmsa þjónustu.
- Að útvega aðstoð hjá sérfræðingum, svo sem iðjubjálfum, sjúkraþjálfurum, græðurum, læknum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, faghandleiðurum, náms- og starfsráðgjöfum og fleirum.
- Að koma á samstarfi einstaklings, atvinnurekanda hans og fagaðila til að auka starfshæfni starfsmanns.
- Kynningum og samstarfi við vinnumarkaðinn, stéttarfélög, trúnaðarmenn og heilbrigðisþjónustu um starfsendurhæfingu og möguleg úrræði.

Rannsóknir sýna að mikilvægt er að nýta tímann í veikindaleyfi á uppbyggilegan hátt eftir getu til að viðhalda og ná sem bestri heilsu og færni á ný. Endurhæfingu er best að hefja sem fyrst í veikindaferlinu og getur þá verið gott að fá ráðgjöf og stuðning sérhæfðra fagaðila til að ná sem bestum árangri.

**Kynningarbæklingur um Starfsendurhæfingarsjóð:** [www.virk.is/static/files/kynningarefni/VIRK\\_fjorbl.\\_mars.2009.pdf](http://www.virk.is/static/files/kynningarefni/VIRK_fjorbl._mars.2009.pdf)

**Dæmi um feril vegna endurhæfingar:** [www.virk.is/static/files/Ferill\\_Endurhaefingarsj-6.pdf](http://www.virk.is/static/files/Ferill_Endurhaefingarsj-6.pdf)



Margrét Gunnarsdóttir hefur verið ráðin til að sinna ráðgjöf um starfsendurhæfingu til félagsmanna KÍ.



## Sjúkradagpeningar hækkaðir

**Sjúkradagpeningar voru hækkaðir við endurskoðun úthlutunarreglna Sjúkrasjóðs Kennarasambands Íslands nýverið. Reglurnar tóku gildi 1. október sl. Sjúkradagpeningar eru nú kr. 6.600 á dag en voru áður kr. 5.800. Fyrsta grein úthlutunarreglna fjallar um sjúkradagpeninga og er svohljóðandi:**

### 1. gr. – Sjúkradagpeningar

1. Sjúkrasjóður KÍ greiðir sjúkradagpeninga til sjóðfélaga sem eru í starfi en lenda tímabundið út af launaskrá eða verða fyrir skerðingu á launum vegna veikinda eða slysa.
2. Sjóðfélagar fá greidda sjúkradagpeninga 6.600 kr. á dag miðað við fullt starf síðastliðna tólf mánuði eða samkvæmt meðalstarfshlutfalli þann tíma. Sjúkradagpeningar greiðast þó ekki lengur en ráðningu er ætlað að standa.
3. Sjúkradagpeningar greiðast í allt að 360 daga vegna veikinda sjóðfélaga. Greiddir eru 30 dagar í mánuði. Þá greið-

ast sjúkradagpeningar í allt að 360 daga til sjóðfélaga sem verða fyrir tekju-skerðingu sem er afleiðing alvarlegra langtímaveikinda maka eða barna, enda hafi veikindin staðið í a.m.k. þrjá mánuði.

4. Sjúkradagpeningar að viðbættum örorkulífeyri frá lífeyrissjóðum eða Tryggingastofnun ríkisins geta aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur launaskerðingu sjóðfélaga.
5. Í sérstökum tilvikum er sjóðsstjórn heimilt að greiða sjúkradagpeninga í allt að sex mánuði eftir að ráðningartímabili lýkur.



**Aðalfundur Félags stjórnenda, FS, var haldinn í Keflavík 5. júní sl. Með var rætt um kjaramál og réttarstöðu félagsmanna á erfiðum tímum.**

Á myndinni má sjá stjórn félagsins: f.v. Ása Nanna Mikkelsen gjaldkeri (FSU), Steinunn Inga Óttarsdóttir ritari og varaformaður (MK) og Elísabet Siemsen meðstjórnandi (FG). Stefán Andrésson formaður (FB) situr en á myndina vantar Guðmund Guðlaugsson meðstjórnanda (BHS).



# Komdu í öruggt skjól

Viðbótarlífeyristrygging

**Allianz**   
- tryggir þína peninga

# Hljóðvist í grunn- og leikskólum

Hafdís Dögg Guðmundsdóttir



Þann 25. september síðastliðinn var haldin málstofa í Háskóla Íslands um hljóðvist í leik- og grunnskólum. Það voru Umhverfisstofnun, umhverfisráðuneytið, Skipulagsstofnun, Vinnueftirlitið og Heyrnar- og talmeinstöð Íslands sem stóðu að málstofunni þar sem fluttir voru níu fróðlegir fyrirlestrar og sagðar fjórar áhugaverðar reynslusögur úr skólum.

## Mælingar og staðan nú

Í erindum fulltrúa Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og fulltrúa Vinnueftirlitsins kom fram að almennt eru bæði hljóðstig og ómtími í grunnskólum innan viðmiðunarmarka (t.d. í mötuneytum og kennslustofum). Hins vegar hafa mælingar sýnt að hljóðstig og ómtími í íþróttasölum og leikskólum hefur stundum mælst talsvert yfir mörkum.

Einnig kom fram hjá öðrum fyrirlesurum að kröfur frá notendum hafa aukist og ljóst þykir að þau viðmið sem sett eru í reglugerðum eru ekki fullnægjandi. Ný byggingareglugerð er þó í vinnslu og ef til vill mun ákveðinn staðall um hljóðvist fylgja í kjölfarið þar sem verða gerðar ítarlegri kröfur um einstök rými (s.s. kennslustofur). Líklegt er að leitað verði til nágrannalanda okkar um hönnun skólahúsnæðis en á hinum Norðurlöndunum eru t.d. nú þegar til staðlar um hljóðvist sem virðast vera í meira samræmi við álit notenda á góðri hljóðvist rýma.

## Áhrif hávaða á heilsu og líðan

Í erindi Bryndísar Guðmundsdóttur frá Heyrnar- og talmeinstöð Íslands kom fram að heyrnarskaði er algengasti óafturkræfi vinnuskaðinn og hættan eykst með auknum hljóðstyrk og þeim tíma sem dvalið er í hávaðanum. Yngri einstaklingar eru viðkvæmari fyrir hávaða því þeir hafa styttri hlust og hljóðið dempast því ekki jafn mikið á leið til hljóðhimnunnar og hjá fullorðnum. Auk þess eru börn í meiri áhættu þar sem þau geta síður metið aðstæður og varið sig.

Þó að hægt sé að meðhöndla heyrnar-

## HVAÐ ER HLJÓÐVIST?

Með **hljóðvist** er átt við ómtíma og hljóðstig (desiBel, dB) í umhverfi, t.d. kennslustofu. Hljóðvist skiptir máli fyrir hlustunarskilyrði og upplifun fólks af hljóðum í umhverfinu.

**Hávaði** er skilgreindur sem óæskilegt eða skaðlegt hljóð og er talinn eitt af stærstu heilbrigðisvandamálum nútímans. Þó að hávaði sé ekki lífshættulegur getur hann haft mikil áhrif á heilsu og lífsgæði. Áhrif hans fara eftir því af hvaða toga hann er, tíðnisviði hans og styrkleika, hvernig hann breytist með tímanum og á hvaða tíma sólarhringsins við heyrum hann.

Fari hávaði yfir ákveðin mörk getur hann farið að valda heyrnarskemmdum. **Hættumörk** eru talin vera við 80-85 dB (jafngildishljóðstig) eða við styttri hljóðtoppa í 120-130 dB.

**Ómtími** er hins vegar mælikvarði á bergmál. Allt endurkast hljóðs er viðbót við það hljóð sem fyrir er og því skiptir miklu máli að draga úr endurkasti hljóðs á vinnustöðum. Ómtími veltur á eiginleikum veggja, lofts, gólfs og annarra hluta sem til staðar eru til að gleypa í sig hljóðið sem á þá fellur. Í leik- og grunnskólum á ómtími að vera á bilinu 0,6-1,5 sekúndur skv. byggingareglugerð eftir því til hvers rýmið skal notað.

Í erlendum rannsóknum hefur komið fram að ómtími í **kennslurými barna** þarf hins vegar að vera 0,4 sekúndur til að koma í veg fyrir að hljóðgreining þeirra skerðist. Viðmiðunarmörk í reglugerðum hérlendis eru því of há (0,6-0,8 sekúndur) þar sem miðað er við fullorðna en hljóðgreining þeirra skerðist ekki fyrr en eftir u.þ.b. 1 sekúndu.

skerðingu með heyrnartækjum er erfiðara að meðhöndla bæði eyrnasuð (sem fylgir oft heyrnarskerðingu af völdum hávaða) og minnkaða hæfni til að greina tal. Hávaði veldur þó ekki einungis heyrnarskerðingu. Umhverfishávaði getur einnig valdið svefntruflunum og streitu, verra minni, einbeitingarskortri og minni náms- og lestrargetu.

## Áhrif á nemendur og kennara

Innlendar og erlendar rannsóknir hafa sýnt að hávaði í leik- og grunnskólum getur verið svo mikill að hann hafi áhrif á heyrn. Afleiðingar geta m.a. verið verri tal- og lesskilningur, minni námsgeta, einbeitingarskortur og of mikil áreynsla á rödd kennara. Erilshávaði (þ.e. bekkjarhávaði), of mikil endurömun og

of mikil fjarlægð milli kennara og nemanda eru helstu skaðvaldar náms í kennslustofu samkvæmt Valdísi Jónsdóttur raddfræðingi.

Valdís benti á ósamræmi í reglugerð um hávaðavarnir, þar sem í síðarnefnda tilvikinu er almennt gerð krafa um að hávaði í vinnurými (t.d. á skrifstofum og kaffistofum) fari ekki yfir 50-65 dB að jafnaði á vinnutíma (eða þann tíma sem notkun stendur yfir). Mælingar Vinnueftirlitsins á kennurum hafa hins vegar sýnt að hávaði er í sumum tilfellum um eða yfir 80 dB að jafnaði yfir vinnudaginn. Samkvæmt könnunum Valdísar finnst kennurum líka hávaði almennt mikill í kennslurýmum (t.d. kennslustofum og íþróttasölum) og jafnvel á kaffistofu kennara. Það er ekki fyrr en kemur

## GÓÐ RÁÐ

Jónína Konráðsdóttir, leikskólastjóri á Sólborg, og Hildur Heimisdóttir, kennari í Hlíðaskóla, sögðu frá ýmsum hagnýtum ráðum til að draga úr hávaða:

- Kennarar séu meðvitaðir um að reyna ekki að yfirgnæfa hávaðann í börnunum heldur fá þau til að lækka í sér (biðja þau að nota „inniröddina“).
- Hafa barnið nær sér þegar talað er við það og vera í sömu hæð ef hægt er, t.d. setjast niður.
- Skipta barnahópnum upp eins og kostur er.
- Gæta að bakgrunnstónlist. Eftir smá tíma verður hún að hávaða og allir eru hættir að hlusta.
- Mottur á gólf/borð og plastdúka með undirlagi á borð.
- Fóðra leikfangakassa og tæma úr þeim á borð/gólf en ekki láta börnin „gramsa“ í þeim.
- Skellibólur á vatnskassa á klósettum svo að setan skelli ekki á kassanum.
- Koma inn í rými og loka augunum - hjálpar til að greina hvaðan hávaðinn kemur.
- Bæta við hljóðeinangrunarplötum þar sem hávaðinn er mestur (s.s. í sal), t.d. niður á vegg.
- Bora í gula tennisbolta með spaðabor af sömu breidd og stólfótur er og setja boltana undir stólfæturna - þá heyrst ekkert þegar stólinn er dreginn til.
- Einangrun fyrir hitaveiturör sett um stól/borðfætur til að koma í veg fyrir að stál sláist í stál.
- Athuga með gluggatjöld o.þ.h. sem draga í sig hljóð.
- Hafa skilaboð skrifleg, t.d. skrifa „ganga frá“ á töfluna í staðinn fyrir að kalla það yfir bekkinn.



**Yngri einstaklingar eru viðkvæmari fyrir hávaða því þeir hafa styttri hlust og hljóðið dempast því ekki jafn mikið á leið til hljóðhimnunnar og hjá fullorðnum. Hávaði veldur þó ekki einungis heyrnarskerðingu. Umhverfishávaði getur einnig valdið svefntruflunum og streitu, verra minni, einbeitingarskort og minni náms- og lestrargetu.**



í vinnuherbergi kennara sem þeir eru nokkuð sáttir.

Rödd kennara þarf að vera 15-20 dB hærr en hávaðinn til að börn heyri hana ólíkt fullorðnum sem greina rödd af sama styrkleika og hávaðinn er. Ef hávaðinn er of mikill er kennaranum því ómögulegt að koma skilaboðum sínum á framfæri til nemenda þar sem röddin getur ekki verið nógu há. Ofan á þetta bætist svo að röddin dofnað eftir því sem fjarlægðin er meiri og því heyrja þeir sem sitja aftar í skólafunni enn síður til kennarans. Rannsóknir Valdísar og annarra sýna að allt upp undir fimmtungur kennara hafi farið til læknis vegna raddmeina og vandamála í eyra ásamt því að hafa tekið veikindaleyfi vegna raddar. Álagseinkennin, eins og raddþreyta, hæsi, hósti o.s.frv., koma helst fram við kennslu en detta niður um helgar og á sumrin. Því er hægt að færa rök fyrir því að rödd kennara sé atvinnutæki þeirra og mikilvægt að hugað sé vel að raddheilsu þeirra til að tryggja góð námsskilyrði nemenda.

### Hönnun og reynsla

Sagt var frá hönnun Ingunnarskóla sem var byggður á árunum 1999-2005 þar sem farið var sérstaklega í hljóðvistarhönnun því skólinn er byggður upp af svokölluðum „opnum rýmum“. Rætt var um að slíkt fyrirkomulag stæði og félli algjörlega með hljóðhönnun skólans og í honum var hljóðdeyfing höfð alls staðar sem eins og best verður á kosið.

Lovísa Jóhannesdóttir, kennari í Ingunnarskóla, sagði svo frá reynslu kennara af byggingunni. Í skólanum eru stór opin rými þar sem kennsla fer fram og kennarar vinna saman í teyrum. Árgöngum er blandað á hverju svæði og allt að 100 nemendur geta verið að vinna á sama svæðinu. Kennarar eru ánægðir með hljóðvistina en eðlilega er þó alltaf klišur og því er reynt að skipta rýmum upp og draga úr hávaða með færanlegum húsgögnum. Einnig hafa sums staðar verið settir upp glerveggir með hurð og er þá hægt að hafa opið/lokað eftir því sem hentar.

Skipulag kennslu hefur einnig verið endur-

skoðað með tilliti til eðlis hennar og hefur t.d. listgreinakenndu verið færð úr sameiginlegu rými yfir í sérrými þar sem blöndun hennar við bóknám hentaði ekki vel. Í aðalrými skólans er bæði anddyri, salur, bókasafn og matsalur og þar er mikil „umferð“ og klišur. Því miður hefur það leitt til þess að margir veigra sér við að nota salinn og bókasafnið eins og skyldi.

Margir kostir eru við þessa hönnun en líka einhverjir gallar. Á sumum göllum hefur fundist lausn en í öðrum er enn verið að vinna. Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að hafa val um að geta stúkað af. Kostirnir felast m.a. í skemmtilegum möguleikum í kennslu og samvinnu nemenda annars vegar og kennara hins vegar. Lovísa sagði að hún teldi að flestir kennaranna væru ánægðir með þetta fyrirkomulag og sjálf myndi hún ekki vilja snúa til baka í hefðbundið skólahúsnæði.

### Hafdís Dögg Guðmundsdóttir

Höfundur er starfsmaður Félags tónlistarskólakennara (FT) og vinnuumhverfisnefndar KÍ.

# Aftur til Pompei

SRR heldur utan um vikulega fyrirlestra menntavísindasviðs HÍ og málstofur þar sem innlendir og erlendir fræðimenn kynna rannsóknir sínar og verkefni, svokallaða miðvikudagsfyrirlestra. Þann 28. október komsænski barnabókarithöfundurinn **Kim M. Kimselius** og sagði frá rithöfundarferli sínum sem er nokkuð sérstakur – og sérstaklega hvetjandi fyrir alla sem ganga með sögu í maganum. Um leið er það sem Kim hefur að segja vert umhugsunarefni fyrir kennara. Hér er stuttur útdráttur úr fyrri hluta fyrirlestrarins sem skýrir málið betur.

„Ég skrifaði fyrstu bókina mína þegar ég var átta ára og myndskreytti hana. Ég hélt áfram að skrifa sögur og sagði frændfólkinu draugasögur um jólaleytið undir teppi í kjallaranum. Ég elskaði að segja sögur.

Þegar ég var tíu ára fékk ég fyrstu söguna mína gefna út í hestatímariti. Svo gaf ég sjálf út tímarit með framhaldssögu sem endaði spennandi og ég skrifaði umsvifalaust nýtt tölublað, þetta seldi ég á tíu ára. Ég var mjög ánægð með mig.

Ég samdi langar sögur fyrir kennarana mína. En svo skipti ég um skóla. Í nýja skólanum fékk ég ekki hrós fyrir sögurnar heldur skömmuðu kennararnir mig fyrir slæma stafsetningu. Út af þessu hætti ég að segja fólki að ég ætlaði að verða rithöfundur. En ég hætti ekki að skrifa heldur hafði það bara sem leyndarmál.

Það er hægt að uppfylla drauma sína þótt maður sé ekki fullkominn og ef maður gefst ekki upp. Ég er með lesblindu og ég gafst upp. Sögurnar mínar fóru beint í skúffuna og ég skammaðist mín fyrir stafsetningarvillurnar.


Síðar flutti ég frá Gautaborg til Stokkhólms þar sem enginn vissi um drauminn minn og ég sagði þeim ekki frá honum. Þar kynntist ég Jan, manninum mínum. Hann fékk með tíð og tíma að lesa sögurnar mínar og honum fannst þær góðar. Hann hvatti mig til að senda þær til útgefanda en ég þorði það ekki fyrir mitt litla líf.

Á endanum greip hann til þess ráðs að halda fjölmennt partí fyrir vini okkar. Í partíinu tók hann þéttingsfast utan um mig og ég hélt að það væri af því að hann elskaði mig svo heitt en annað kom á daginn. Hann gerði það til þess að ég hlypist ekki á brott! Hann hóf upp raust sína og tilkynnti vinum okkar stoltur að konan hans væri rithöfundur. Hvað ég skammaðist mín! Mér hafði tekist að leynd þessu öll þessi ár og nú urðu allir mjög spenntir: Hvernig bækur skrifaðu Kim, hvar eru þær? Ég roðnaði og útskýrði: Nei, ég hef ekki gefið neitt út enn. Megum við lesa handrit? spurðu vinirnir, en auðvitað gat ég ekki leyft þeim það, þá hefðu þeir séð stafsetningarvillurnar.

Á endanum sá ég að við svo búið mátti ekki standa og sendi tuttugu fyrstu blaðsíðurnar í bók sem ég valdi af handahófi til vinkonu minnar, Anneli. Hún átti heima langt í burtu svo ég þurfti ekki að horfa í augun á henni



Kim M. Kimselius



**Hann hóf upp raust sína og tilkynnti vinum okkar stoltur að konan hans væri rithöfundur. Hvað ég skammaðist mín! Mér hafði tekist að leynd þessu öll þessi ár og nú urðu allir mjög spenntir: Hvernig bækur skrifaðu Kim, hvar eru þær?**

þegar að hún hneykslaðist á stafsetningunni. En hún var svo hrifin af sögunni að hún gleymdi villunum! Ég sótti í mig kjark og sendi handritið til útgefanda.

Svo gleymdi ég því. Ég hélt bara áfram að skrifa nýjar sögur. Tvö ár liðu. Þá hringdi síminn. Konan á línunni kynnti sig sem útgefanda og sagðist vilja gefa bókina út. Ég beið eftir orðunum „...en við getum það ekki af því að þú ert lesblind“. En þau komu ekki. Á þessu augnabliki hélt ég að ég myndi öskra af hamingju. Og ég gerði það eftir símtalið. Hjóp út æpandi og hoppaði um allt. Ég var svo hamingjusöm, loksins var draumurinn minn frá átta ára aldri um útgefna bók að rætast. Ég var fjörtíu og eins árs.

Ég skrifa sögulegar skáldsögur fyrir börn um hluti sem ég sjálf vil lesa og læra meira um. Fyrstu vikuna eftir að *Aftur til Pompei* kom út seldust ellefu þúsund eintök. Á ég að fá mér kampavínsglas? Spurði ég útgefandann. Kim,

sagði hún, ég myndi bara fylla baðkarið.“

Kim sló í gegn með fyrstu bók sinni *Aftur til Pompei* árið 1997. Allar götur síðan hefur hún notað sögulegar staðreyndir og frjótt ímyndunarafli til að skrifa spennandi söguleg ævintýri þar sem hún lýsir atburðum og lífnaðarháttum fólks fyrr á öldum. Í bókum hennar er mikill sögulegur fróðleikur og þær eru meðal annars notaðar í skólum sem ítarefni. Kim hefur, auk annarra bóka, skrifað tólf bækur um ævintýri Ramónu og Theós sem eru aðalpersónurnar í *Aftur til Pompei*. Þau gerast á mismunandi tímum mannkynssögunnar, til dæmis í frönsku byltingunni, meðal víkinga og Inka í Suður-Ameríku, í Egyptalandi faróanna og á tímum svarta dauða. Bækur Kimselius eru spennandi og erfitt að leggja þær frá sér.

keg

## Félagsmenn FL, athugið.

Í næsta tölublaði Skólavörðunnar (desember) verður birt auglýsing uppstillingarnefndar þar sem leitað er að fólki til starfa í væntanlegt Félag stjórnenda í leikskólum (FSL) og Félag leikskólakennara (FL). Fylgist með!

# Innihaldsríkur fræðslufundur skólamálaráðs og -nefnda

Skólamálaráð og skólamálanefndir KÍ létu hendur standa fram úr ermum þriðjudaginn 20. október sl. og héldu fræðslufund með miklum fjölda af örstuttum erindum um hin ýmsu mál sem tengjast verkefnasviði nefndanna og ráðsins. Yfirskrift fundarins var *Fræðslufundur um starf KÍ og aðildarféлага að skóla- og menntamálum*.

Til fundarins mættu auk auk fulltrúa í skólamálaráði og skólamálanefndum starfsmenn menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og kennarahúss til að upplýsa um stöðu mála, hver í sínum málaflokki. Var það mat manna eftir fundinn að hann hefði verið upplýsandi og úr miklu að móða að honum loknum.

Meðal þess sem rætt var um var námsmat, útgáfareglugerða, skólafélag KÍ, Sprotasjóður, endurmenntunarsjóðir KÍ, lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla og álitamál þeim tengd, kennaramenntun og lögverndun starfshéttis tónlistarskólakennara, tilraunasamningar um framkvæmd framhaldsskólalaga, samrekstur skóla, námskrárvinna, útgáfa KÍ, matsnefnd, samstarf við atvinnurekendur, HÍ, menntavísindasvið og fleiri aðila, framtíðarsýn fyrir grunnskólann og starfsmenntun.

Hér er gripið niður í einn lið fundarins um leið og lesendur eru hvattir til að skoða efni frá honum á [www.ki.is](http://www.ki.is) undir dagskrárlíð um símenntun töluðu þær *Björg Pétursdóttir* og *Anna María Gunnarsdóttir*.

**Björg** sagði frá starfi tíu manna samstarfsnefndar um símenntun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um mögulega endurskipulagningu endurmenntunar kennara í ljósi nýrra laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla, laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórn-

## Breyttar reglur Vísindasjóðs FF og FS

- Félagsmenn Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum athugið. Reglum Vísindasjóðs FF og FS hefur verið breytt, sjá [www.ki.is](http://www.ki.is)
- Athugið einnig að gögn vegna útborgunar úr A-deild 2009 þurfa að hafa borist eða verið pósthöfð í síðasta lagi 30. nóvember 2009.

Starfsmenn sjóðsins eru María Norðdahl, [maria@ki.is](mailto:maria@ki.is) og Sigrún Harðardóttir, [sh@ki.is](mailto:sh@ki.is), þær veita einnig upplýsingar um Vísindasjóð FF og FS í síma 595 1111 kl. 9 - 16 virka daga.



Ljósmyndir: keg

Björg Pétursdóttir og Anna María Gunnarsdóttir

## Sjá nánar á [www.ki.is](http://www.ki.is)

enda og væntanlegra breytinga á skipulagi kennaramenntunar. Hugað verði að samfellu í skólastarfi þar sem eitt skólastig tekur við af öðru, nánari tengingu endurmenntunartilboða við almenna kennaramenntun og möguleikum kennara á að sækja endurmenntun á fagsviði. Nefndin skal koma með tillögur að heildstæðri útfærslu á endurmenntun sem nýtist kennurum á öllum skólastigum. Hún hefur fundað sex sinnum frá því í apríllok og hefur ekki lokið störfum en í tillögudrögum hennar má sjá skýran þráð, sem sé þann að auka námsframboð þvert á skólastig og að kennarar mismunandi skólastiga geti setið sömu (og saman) námskeið.

**Anna María** sagði frá símenntunarlíkani framhaldsskólakennara sem hefur verið við lýði í rúm tuttugu ár. Þetta líkan er nokkuð gott og ýmislegt í því sem ástæða er til að gefa gaum fyrir hin skólastigin. Anna María taldi til kosta þess að það væri einfalt og allir peningarnir á einum stað, margir kæmu að ákvörðunum og góð tengsl væru við háskólastigið, margir gætu fengið styrki, þeir dreifdust víða og styrkþegar skiluðu skýrslum til nefndarinnar sem sér um símenntunina. Meðal galla taldi Anna María að væru hversu þrengst hefur um sumarnámskeið og ekki komið til móts við aukinn áhuga á námi meðfram starfi sem

meið er til eininga, að kerfið verkar ekki þvert á skólastig og að nefndin er ekki nógu sýnileg heldur falin undir EHÍ.

Í kynningarefni sem *Elna Katrín Jónsdóttir* tók saman fyrir fundinn var meðal annars að finna skólamálaályktun 4. þings KÍ 2008. Þar er svo hljóðandi kafli um *símenntun og rannsóknir*:

„Þing KÍ heitir á yfirvöld menntamála og vinnuveitendur félagsmanna sambandsins að auka rétt og möguleika kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda á öllum skólastigum til launaðra námsorlofa til að efla þekkingu sína og færni eigi sjaldnar en á tíu ára fresti. Þingið telur brýnt að tryggja mun betur en nú er gert réttindi og möguleika til símenntunar jafnt á starfstíma skóla sem utan hans bæði í samræmi við þarfir og óskir einstaklinga og með hliðsjón af þróun skólastarfs og menntunar. Félagsmenn KÍ afla sér í vaxandi mæli viðbótarmenntunar og taka á þeim vettvangi þátt í fræðilegu starfi og rannsóknum á sínu sviði. Efla þarf möguleika og auka svigrúm félagsmanna KÍ til þess að stunda rannsóknir samhliða störfum sínum í skólunum.“

Efni frá fundinum er á [www.ki.is](http://www.ki.is)

keg





ÞEGAR ÞIG VANTAR RÚTU!

Hesthálsi 10, 110 Reykjavík - [www.trex.is](http://www.trex.is) - [info@trex.is](mailto:info@trex.is) - Sími 587 6000

# Heilsustefnan

eftir Unni Stefánsdóttur

**Þegar leikskólinn Skólaltröð í Kópavogi var stofnaður árið 1995 var það bjargföst ákvörðun mín, sem tók við skólastjórn, að þar ætti að koma ný, íslensk skólastefna. Niðurstaðan varð heilsustefna þar sem áhersla skyldi lögð á að börnin fengju hollan, næringarríkan mat og mikla hreyfingu en þetta tvennt ýtti undir þörf þeirra fyrir að skapa.**

Kennararnir sem komu til starfa við skólann, þær Arndís Ásta, Guðlaug Sjöfn og Sigrún Hulda, voru allar mjög áhugasamar um þessa hugmynd og saman mótuðum við heilsustefnuna sem hefur þróast og dafnað gríðarlega á þeim fjórtán árum sem nú eru liðin. Fyrsta árið sömdu við markmið, undirmarkmið og Heilsubók barnsins og þann 1. september 1996 var skólinn formlega vígður sem fyrsti heilsuleikskóli á Íslandi af þáverandi heilbrigðisráðherra Ingibjörgu Pálmadóttur.

## Markmið heilsustefnunnar

Í markmiðum heilsustefnunnar er lögð áhersla á að venja börnin strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar. Markmiðið er þetta: **Að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik.**

## Næring

Stuðlað skal að góðum matarvenjum og hollustu með áherslu á ferskleika og fjölbreytni. Lögð er áhersla á aukna grænmetis- og ávaxta-neyslu og að nota sykur, salt og fitu í hófi.

## Hreyfing

Umhverfið þarf að bjóða upp á möguleika bæði til gróf- og fínhyfinga til að styrkja barnið líkamlega, andlega og félagslega úti og inni. Lögð skal áhersla á markvissa hreyfingu a.m.k. einu sinni í viku fyrir hvert barn frá tveggja ára aldri.

## Listsköpun

Mikilvægt er að vinna með og tengja saman fjölbreytt tjáningarform listsköpunar, svo sem myndlist, tónlist og leiklist. Lögð skal áhersla á markvissa listsköpunartíma frá tveggja ára aldri þar sem unnið er með einn eða fleiri þætti listsköpunar.

Að sjálfsgöðu er leikurinn hornsteinn leikskólastarfsins og því námsleið í þessum sem öðrum leikskólum landsins. Áhersla er lögð á að gefa tíma og skapa umhverfi sem hvetur til sjálfsnáms í gegnum leik.

## Heilsubók barnsins

Heilsubók barnsins er gæðamatarkvarði heilsuleikskóla og segir til um hvort settum markmiðum heilsustefnunnar sé náð. Hún hefur að geyma útfærð skráningarblöð um þroska og ýmsar upplýsingar um barnið. Skráningin gerir okkur kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins og er einnig tæki til að upplýsa foreldra um stöðu þess í leikskólanum. Skráð



Ljósmynd frá hófundri



er m.a. heilsufar, hreyfifærni, úthald, hæð, þyngd, næring, svefn, lífsleikni og færni í list-sköpun. Skráning er tvisvar á ári, haust og vor, og er foreldrum boðið í viðtal í kjölfarið.

**Viðmið**

Fyrstu viðmið heilsuleikskóla voru unnin af fulltrúa frá menntamálaráðuneyti og Landlæknisembætti í samvinnu við kennara í Heilsuleikskólanum Urðarhóli í Kópavogi. Það var gert í framhaldi af evrópsku verkefni sem skólar af öllum skólastigum í Kópavogi tóku þátt í ásamt heilsugæslunni þar. Fyrsta stjórn Samtaka heilsuleikskóla endurskoðaði viðmiðin og voru þau samþykkt á aðalfundi í Grindavík árið 2007. Viðmiðin eru leiðarljós heilsustefnunnar en þar koma fram markmið heilsuefningar í leikskólum og þau grundvallar viðmið sem heilsuleikskólar eiga að starfa eftir.

**Samtök heilsuleikskóla**

Samtök heilsuleikskóla voru stofnuð í Kópavogi 4. nóvember 2005 og eru því fjögurra ára gömul um þessar mundir.

Stofnfélagar voru skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í sex leikskólum sem höfðu þá fengið viðurkenningu sem slíkir. Einnig stjórnendur tveggja skóla sem voru að undirbúa umsókn. Mikið uppbyggingarstarf hefur einkennt starfsemi samtakanna og er haft á orði að mikill kraftur fylgi þeim leikskólum sem hafa tekið upp heilsustefnuna. Aðalfundur er haldinn í mars ár hvert. Í stjórn eru þrjár fulltrúar og einn varamaður. Stjórnina skipa nú Unnur Stefánsdóttir, formaður, Hulda Jóhannesdóttir, varaformaður, Anna Árnadóttir, meðstjórnandi og María Hermansdóttir, varamaður.

**Markmið**

Markmið Samtaka heilsuleikskóla er að stuðla að heilsuefningu í leikskólum, gæta hagsmuna heilsuleikskóla, efla samheldni þeirra og skapa vettvang til fræðslu og skoðana-skipta.

**Ráðstefna**

Fljótlega eftir stofnun Samtaka heilsuleikskóla var farið að ræða um að halda ráðstefnu allra heilsuleikskólanna og var sú fyrsta haldin í Íþróttakademíunni í Reykjanesbæ 10. október 2008. Þátttakendur voru nokkuð á þriðja hundrað. Áherslan var á kennarann í heilsuleikskóla og dagskráin samkvæmt því. Marta Guðjónsdóttir stjórnaði hópefli, Guðjón Bergmann var með slökun og streitustjórnun, Kristjana H. Gunnarsdóttir fjallaði um hreyfifroska barna og talaði einnig um mataræði og hreyfingu. Mikil og góð stemning skapaðist á ráðstefnunni sem tókst í alla staði mjög vel.

**Endurskoðun**

Tveir vinnuhópar vinna nú að því að endurmeta tvo þætti heilsustefnunnar. Annar hópurinn vinnur að endurskoðun á Heilsubók barnsins en það var síðast gert árið 2004 og er reiknað með að því verki ljúki með kynningu á breytingum á næsta aðalfundi í mars. Hinn hópurinn er að endurskoða viðmiðin fyrir heilsuleikskóla en þau voru síðast endurskoðuð 2007.

**Heimasíða**

Unnið hefur verið að gerð heimasíðu fyrir Samtök heilsuleikskóla. Fyrirtækið Skólar ehf., sem rekur tvo heilsuleikskóla og þrjá



sem eru á heilsubraut, mun hýsa síðuna. Á henni verða upplýsingar um heilsustefnuna, Samtök heilsuleikskóla, heilsuleikskóla og efni tengt heilsuefningu almennt. Heimasíðan verður formlega tekin í notkun þriðjudaginn 10. nóvember og verður Hulda Jóhannesdóttir heimasíðustjóri.

**Námsferð**

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var í Reykjanesbæ kom fram tillaga um að stjórnendur heilsuleikskóla færu í náms- og skemmtiferð til Ungverjaland. Skipuð var ferðanefnd og fékk hún til liðs við sig Krisztina G. Agueda sem er ungversk, menntuð í hreyfifærni ungra barna og vinnur í ungubarnaskólanum Ársól í Reykjavík. Hún getur skipulagt ódýrar ferðir til Ungverjaland með beinu flugi vor, sumar og haust. Þar eru leikskólar mjög meðvitaðir um mikilvægi hreyfingar fyrir börn og er því áhugavert að fara í námsferð þangað. Ferðanefndin er að skoða möguleika á þessu ferðalagi árið 2010.

**Heilsubraut**

Á síðasta aðalfundi var tekin ákvörðun um að frá því að leikskóli hefur sótt um að verða heilsuleikskóli og þar til hann hefur fengið víslu fái hann vinnuheitid „leikskóli á heilsubraut“. Hugmyndin er sótt í verkefni Grænfánans en þar eru skólar sem eru að búa sig undir að fara á „græna grein“. Skólinn getur haft aukaaðild að Samtökum heilsuleikskóla frá því hann fer á heilsubraut og þar til hann fær víslu sem heilsuleikskóli. Þetta tímabil getur þó í hæsta lagi verið þrjú ár. Skólinn fær fulla aðild að Samtökum heilsuleikskóla þegar vísla hefur farið fram. Einnig eru uppi hugmyndir um að heilsuleikskólar endurnýji viðurkenningu sína eftir tiltekinn árafjölda. Leikskólinn þarf að vinna þannig að öllum markmiðum sé náð. Heildarsýn skólans þarf að miðast við heilsuefningu í hvívetna. Kennarar í heilsuleikskóla verða að gera sér grein fyrir mikilvægi uppeldishlutverksins og tileinka sér jákvæð viðhorf til heilbrigðs lífsstíls.

**Heilsuleikskólar**

Eftirtaldir eru leikskólar sem hafa fengið viðurkenningu sem heilsuleikskólar og einnig hvaða ár það gerðist. Urðarhóll í Kópavogi, 1996  
Krókur í Grindavík, 2003  
Garðasel á Akranesi, 2004  
Heiðarsel í Reykjanesbæ, 2004  
Suðurvellir í Vogum, 2005  
Árbær í Árborg, 2007  
Krógaból á Akureyri, 2007  
Krakkakot á Hornafirði, 2008



Ljósmynd: Jón Svavarsson

**Unnur Stefánsdóttir**

Laufás á Þingeyri, 2008  
Kór í Kópavogi, 2008  
Fálkaborg í Reykjavík, 2009

Ellefu skólar í landinu hafa því fengið víslu sem heilsuleikskólar og tíu eru að undirbúa sig.

**Leikskólar á heilsubraut**

Þeir skólar sem eru að undirbúa sig og eru komnir á heilsubraut eru eftirtaldir:

- Kæribær á Kirkjubæjarklaustri
- Garðasel í Reykjanesbæ
- Ugluklettur í Borgarbyggð
- Æskukot á Stokkseyri
- Brimver á Eyrarbakka
- Háaleiti í Reykjanesbæ
- Ársól í Reykjavík (ungubarnaskóli)
- Bæjarból í Garðabæ

Hamravellir í Hafnarfirði og Andabær í Borgarbyggð eru einnig að undirbúa sig en hafa ekki sótt um formlega.

**Allir velkomnir**

Þeim kennurum sem hafa áhuga á að kynna sér heilsustefnuna er velkomið að hafa samband við okkur sem störfum í stjórninni. Einnig verða upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu okkar og fyrstu skólarnir sem voru vígðir sem heilsuleikskólar hafa gjarnan ýmsan fróðleik um stefnuna á heimasíðum sínum. Stjórnendur heilsuleikskóla eru mjög viljugir að taka á móti gestum sem vilja koma til að sjá og kynna sér starfið og veit ég að svo verður áfram.

**Hér eru netföng stjórnar:**

- Unnur: [unnur@skolar.is](mailto:unnur@skolar.is)
- Hulda: [krokur@skolar.is](mailto:krokur@skolar.is)
- Anna: [krogabol@akureyri.is](mailto:krogabol@akureyri.is)
- María: [leikskoli@vogar.is](mailto:leikskoli@vogar.is)

**Unnur Stefánsdóttir**

Höfundur er frumkvöðull Heilsustefnunnar í leikskólastarfi og starfar nú sem framkvæmdastjóri heilsustefnunnar hjá Skólum ehf. Áður var Unnur leikskólastjóri í tólf ár hjá Kópavogsbæ, fyrst í Skólatróð litlum leikskóla og síðar í Heilsuleikskólanum Urðarhóli sem rekin er í þremur húsum með tæplega 150 börn. Hún var afrekskona í frjálsum íþróttum og hefur alltaf haft heilbrigðan lífsstíl að leiðarljósi.

## Hægt að panta fjórum mánuðum fram í tímann að vetri til

Félagsmenn athugið! Þann 1. nóvember sl. opnaðist febrúarmánuður 2010 í pöntunarkerfi orlofssjóðs Kennarasambandsins. Það þýðir að hægt er að panta hús og íbúðir frá og með þeim degi og út febrúarmánuð.

Athugið einnig að ef pantað er sitthvorum megin við mánaðamót þarf að panta í tvígang ef fólk vill tryggja að það fái þá daga sem það kys.

Segjum til dæmis að einhver ætli að fá hús um páskana og vilji dvelja þar frá miðviku-deginum 31. mars til föstudagsins 9. mars. Þá er skynsamlegt að panta 31. mars um leið og það er hægt, sem er 1. desember (þá opnað fyrir mars). Hins vegar er ekki hægt að panta dagana 1. – 9. apríl fyrr en 1. janúar eða strangt til tekið á miðnætti 31. des.

### ÚR SKÓLASTEFNU FÉLAGS LEIKSKÓLAKENNARA

## Skólastjórnandinn og stjórnun skóla

Stjórnun leikskóla er í höndum skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra. Stjórnendur skulu stuðla að jákvæðum samskiptum og trausti í starfsmannahópnum og virkja mannaúð hans.

Leikskólastjórar skulu hafa framhaldsmenntun á sviði stjórnunar.

Nýliðar við stjórnun skulu eiga rétt á ráðgjöf og leiðsögn.

Við leikskóla skal starfa sérkennslustjóri/deildarstjóri sérkennslu með framhaldsmenntun á sviði sérkennslufræða.

Skólastjórnendur skulu hafa faglega forystu í mótun og uppbyggingu skólafarsins og bera ábyrgð á reglulegu innra mati.

Stjórnendur sjá til þess að starfslið skólans hafi virka símenntunaráætlun.

### Veltu fyrir þér eftirfarandi atriðum:

Fær hver og einn að njóta sín?

Leggur hver og einn sig fram um að efla starfsandann?

Er starfsgleði, jákvæðni og traust ríkjandi í þínum skóla?

Gefast þér tækifæri á símenntun?/Hvernig er staðan í krepunni?

Annað sem þú vilt ræða á þínum vinnustað.

## Félagsmenn!

Skotið [www.ki.is](http://www.ki.is) Þar eru rafræn umsóknar-eyðublað, upplýsingar um sjóði og orlofsmál, afgreiðslutími skrifstofu, símanúmer og netföng, upplýsingar um skóla- og kjaramál, fréttir, lög, aðildar- og fagfélög og margt fleira gott og gagnlegt.

## Vinnuumhverfisbólar október og nóvember

Útdráttur úr tveimur síðustu bóllum vinnuumhverfisnefndar KÍ á [www.ki.is](http://www.ki.is)

### Næring og vinnustaðurinn

Vissir þú að ... mjúkk fita hækkar ekki kólesteról í blóði? Dæmi um mjúka (ómettaða) fitu eru fljótandi matarolíur, þykkfljótandi eða mjúkt smjörliki, lýsi og óhert fiskifita auk fitu úr fræjum og hnetum.

Lélegt heilsufar og sjúkdómar hafa áhrif á það hvernig við skynjum álag í vinnu og því getur aðgengi að hollum og góðum mat dregið úr óánægju og jafnvel fjarvistum.

Til að stuðla að góðu mataræði á vinnustað má til dæmis:

- Auka aðgengi að hollustu, t.d. með lágu verði og fjölbreyttu úrvali.
- Takmarka framboð af óhollustu s.s. kexi, sælgæti, sætabrauði og gosdrykkjum.
- Bjóða upp á ávexti og grænmeti, t.d. á kaffistofunni.
- Hafa gott aðgengi að köldu fersku vatni, t.d. með vatnsvéllum.
- Hvetja til bætts mataræðis með fræðslu og umræðu.
- Bjóða upp á hollt fundafæði, s.s. niðurskorna ávexti og grænmeti, brauð/hrökkbrauð/rúnstykki/samlökur með hollu áleggi, t.d. grænmeti, osti/léttsmurosti, kotasælu og mögru kjótáleggi.

Á [www.ki.is](http://www.ki.is) undir Vinnuumhverfisbólan er bent á góða og gagnlega tengla, til dæmis bæklinginn Tekið í taumana á vef Lýðheilsustöðvar og vefina Matarvefurinn.is og Íslenskt.is. Sjá nánar á [www.ki.is](http://www.ki.is)

### Hreyfing og vinnustaðurinn

Vissir þú að ... meira en helmingur fullorðinna Íslendinga hreyfir sig ekki í samræmi við ráðleggingar og tímaskortur og þreyta eru algengustu skýringarnar á lítilli hreyfingu?

Þar sem við eyðum stórum hluta vökutíma okkar í vinnunni er mikilvægt að á vinnustaðnum sé stuðlað að hreyfingu. Til dæmis

með því að:

- Skapa aðstæður sem hvetja til hreyfingar, s.s. að hafa stiga aðlaðandi og aðgengilega,
- Hafa sturtu og/eða skiptiádstöðu fyrir þá sem hjóla eða ganga til/frá vinnu.
- Skipuleggja æfingarhópa til hvatningar, aðhalds og eflingar liðsanda. Möguleikarnir eru fjölmargir, t.d. ganga, stafganga, hlaup, sund, knattleikir, golf, fjallganga, jóga, o.fl.
- Vinnutími sé sveigjanlegur svo starfsfólk geti samræmt hreyfingu, vinnu og fjölskyldulíf.
- Umbuna fyrir hreyfingu, t.d. með styrkjum til líkamsræktar, þátttöku í ferðafélögum, íþróttafélögum o.þ.h.
- Hvetja til þátttöku í ýmsum almennings-íþróttaviðburðum, s.s. „Hjólað í vinnuna“ [www.hjoladivinnuna.is/](http://www.hjoladivinnuna.is/)

Samkvæmt ráðleggingum ættu fullorðnir að stunda miðlungserfiða hreyfingu í minnst 30 mínútur daglega og má skipta tímanum í styttri tímabil, t.d. 10-15 mínútur í senn. Miðlungserfið hreyfing krefst þrisvar til sex sinnum meiri orkunotkunar en hvíld. Dæmi um miðlungserfiða hreyfingu eru rösk ganga, garðvinna, heimilisþrif og að hjóla, synda eða skokka rólega.

Hver og einn þarf að meta hvort og þá hversu mikið daglegar venjur hans gefa færi á hreyfingu, til dæmis með því að spyrja sig hversu mikið hreyfi ég mig í vinnunni eða skólanum, við heimilisverkin og í frítímanum? Og hvernig fer ég milli staða?

Á [www.ki.is](http://www.ki.is) undir Vinnuumhverfisbólan er bent á góða og gagnlega tengla, til dæmis bæklinginn Ráðleggingar um hreyfingu á vef Lýðheilsustöðvar og bæklinginn Viltu létta þér lífið? á vef ÍSÍ. Sjá nánar á [www.ki.is](http://www.ki.is)

Lesið vinnuumhverfisbóllurnar í heild á [www.ki.is](http://www.ki.is)



**ISRR** SÍMENNTUN  
RANNSÓKNIR  
RÁÐGJÖF

Námskeið fyrir stærðfræðikennara

Sameiginlegt námskeið verður haldið á vorönn 2010 fyrir starfandi grunn- og framhaldsskólakennara, kennaranema og stærðfræðinema.

Kennl verður á laugarögum.

Tímar verða 16/1, 30/1, 20/2, 6/3, 20/3, 10/4, 24/4  
Skráningu lýkur 15. desember

**Kennari: Freyja Hreinsdóttir**

Forritið GeoGebra



Námsefnisgerð og

hugbúnaðarnotkun í stærðfræðikennslu

Skráning hjá Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf Menntavísindasviði HÍ.  
Netfang: [mvs-simennt@hi.is](mailto:mvs-simennt@hi.is) eða í síma 525-5980

<http://vefsetur.hi.is/srr>





**COMENIUS**  
LEIK-, GRUNN-, OG  
FRAMHALDSSKÓLASTIG

## Geymið auglýsinguna Comenius

### styrkir 2010

**Endurmenntun kennara:** Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB / alþjóðaskrifstofa háskólastigsins styrkir kennara á leik, grunn- og framhaldsskólastigi til endurmenntunar í sínu fagi í 1-6 vikur. Einnig er hægt að fara og fylgjast með kennslustarfi í evrópskum skólum. Styrkir eru að meðaltali um 1750€ fyrir eina viku.

Umsóknarfrestir eru ófrávíkjanlegir:

15. janúar fyrir námskeið eftir 1. maí

30. apríl fyrir námskeið eftir 1. september

15. september fyrir námskeið eftir 1. janúar 2011

**Comeniusarverkefni** Umsóknarfrestur vegna Comeniusarskólaverkefna og nemendaskiptaverkefna. Meðaltalsstyrkur er um 15.000 evrur fyrir 12 ferðir á 2 árum. Umsóknarfrestur er 19. febrúar 2010

**Comenius Regio** Nýtt í Comeniusi, tveggja landa samstarf, 3 stofnanir vinni saman frá hvoru landi. Verkefni sem tengja skóla og skólaskrifstofur og félög tengd þeim. Meðaltalsstyrkur er 20-25000€. Umsóknarfrestur er til 19 febrúar 2010.

**Comenius aðstoðarkennsla.** Kjörið tækifæri fyrir kennara til að sækja um að fá aðstoðarkennara frá Evrópu í 3-8 mánuði og verðandi kennara til að fara utan í 3-8 mánuði. Aðstoðarkennarar eru styrktir frá sínu heimalandi. Aðstoð getur nýst í flestum fögum á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Umsóknarfrestur er til 29. janúar 2010.

**Comenius fjölþjóðleg verkefni** – stærri verkefni sem sótt er um beint til framkvæmdastjórnar ESB. Verkefni fjalli um námsefnisgerð eða þjálfun kennara. Athugið að möguleiki er á að vinna með löndum utan Evrópu. Umsóknarfrestur er til 31. mars 2010

Nánari upplýsingar veita Þorgerður 525 5853 [teva@hi.is](mailto:teva@hi.is) og Ragnhildur 525 5813 [rz@hi.is](mailto:rz@hi.is),

Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB, Háskólatorgi, 101 Reykjavík. [www.comenius.is](http://www.comenius.is)

# Engin ein bók getur mætt þörfum allra nemenda

Í Fjölbrautaskólanum við Ármúla er öflug íslenskudeild með mörgum góðum kennurum. Eftir að hafa fengið að hlusta á þá ræða saman um námsbækur og nemendur dylst mér ekki að kennararnir bera hag nemenda fyrir brjósti og vilja frangang þeirra sem mestan og bestan. Þeir hafa jafnframt ýmsar hugmyndir um hvað vantar og hvernig má bæta úr. Átta íslenskukennarar settust að spjalli um þetta málefni, flestir með langa kennslureynslu en einn glænýr og annar á þriðja kennsluári.

Breiddin í íslenskukennslu í FÁ er mikil vegna þess að auk mikils fjölda nemenda og mjög mismunandi hraðrar yfirferðar þeirra er íslenska einnig kennd fjölmönnum hópi sem annað tungumál. Í umræðunum kom meðal annars fram gagnrýni á hversu einsleit námsbókaflóran er og fáar bækur sem henta nýbúum og hægferðarnemendum. Hér fer á eftir ágríp af því sem kennararnir í FÁ ræddu um þessa síðdegisfund miðviku-daginn 21. október. Þeir tala auðvitað ekki einum rómi en eru þó sammála um mörg veigamikil atriði eins og það sem nefnt er hér að ofan.

## Umræðurnar

Íslenska 1 er kennd í áföngunum 102 og 103 og Íslenska 2 í áföngunum 203 og 212. Skoðanir á þessum bókum eru skiptar, talsvert jákvæðar í það heila tekið en fyrri bókin gagnrýnd harkalega á einu sviði. Hún virkar ágætlega fyrir sterkari nemendur, er mjög góð handbók og ágætar sögur í henni, en hún er erfið fyrir nemendur í hægferðaráfanganum 102 sem eru margir hverjir illa læsir. Þar hentar betur að hafa afmarkaðra námsefni. Bókin kemur ekki til móts við okkur í þeim áfanga. Áfangar 102 og 103 eru þeir sem hvað erfiðast er að kenna að því leytnu til að við vitum ekki á hverju við getum byggt.

Báðar þessar bækur markast auðvitað af kröfum námskrár þannig að þetta horfir vonandi til bóta með breyttri námskrá. *Spegill*, *spegill* er bók sem hefur gefist mjög vel, dálítið ráðstjórnarleg en gefur tækifæri til fjölbreyttrar verkefnavinnu. Það er hins vegar þannig, í þessu eins og öðru, að áhuginn á gömlu bókunum dettur svolítið niður þegar nýjar líta dagsins ljós. Það er að sjálfsögðu mjög erfitt að koma til móts við þarfir allra nemenda með einni kennslubók. Verkefni í stílfræði og þróaðri bókmenntagreiningu eiga til dæmis ekki við nema fólk hafi lesið töluvert og erfitt að fara í slíkt í byrjunaráföngum.

Öll bókmenntafræðihugtök eru kynnt til sögunnar í *Íslensku 1* en það er varla nauðsynlegt strax á fyrsta ári. Þá er lítið af orðskýringum sem áður flæddu yfir allt. Þess í stað er mun meira af fræðilegri textarýni enda er núorðið gerð rík krafa um að kennsla sé sýnileg og verkefni í til dæmis textarýni eru vissulega sýnileg. Það er hins vegar ósýnilegt atferli að lesa. Og tekur allt of langan tíma.



## ÍSLENSKUKENNARARNIR VIÐ BORDIÐ:

Ársæll Friðriksson  
Eiríkur Páll Eiríksson  
Guðrún Karlsdóttir  
Helgi Sæmundur Helgason  
Regína Unnur Margrétardóttir  
Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir  
Una Þóra Steinþórsdóttir  
Úlfar Snær Arnarson

Það er eftirsjá að því að geta ekki leyft nemendum að lesa meira en það getur breyst með nýjum námskrám. Með þeim verður hins vegar líka þörf fyrir miklu fleiri námsbækur en nú eru til vegna þess að þá fer fólk loks að átta sig á ólíkum þörfum nemenda. Þessi breyting verður líka til góðs að því leyti að grunnskólanemendur hafa komið til okkar úr einstaklingsmiðuðu námsumhverfi í mikla miðstýringu í framhaldsskólum. Með skólanámskrám breytist þetta.

Kannski er námsefnishöfundum í mun að sýna að eitthvað annað sé gert í framhaldsskólum en efstu bekkjum grunnskóla og fara því af alefli í að semja nokkuð flókin og yfirgripsmikil rit. Það snýst hins vegar ekki bara um hugtök. Nemandi í níunda bekk grunnskóla sem lærir um myndhverfingu skilur hana á allt annan hátt en nemandi í áfanga 503 í framhaldsskóla.

Við notum mikið hér í byrjunaráföngum mjög góða bók, *Handbók um ritun og frágang* eftir Þórunni Blöndal og Ingibjörgu Axelsdóttur. Við höfum líka notað *Réttritunarorðabók handa grunnskólum* í ritstjórn Baldurs Jónssonar og *Handbók um málfræði* eftir Höskuld Þráinsson sem eru reyndar samdar með efstu bekk grunnskóla í huga.

*Ormurinn langi*, þessari bók er ritstýrt af fólk á miðjum aldri eins og títt er um námsbókaritstjóra og -höfunda. Það mætti að ósekju hvetja unga kennara til námsefnisgerðar og gefa þeim svigrúm til þeirra starfa. Við erum orðin hálfgerð stofnun þegar við erum búin að kenna svona lengi og ef við opnum munninn til að tjá okkur um dægurtónlist munum við ekki eftir neinum yngrum en Paul Simon! Talandi um popp þá voru *Riddarasögurnar* poppbókmenntir miðalda og mætti halda þeim meira á lofti. Þær eru sumar helst til langar en enn og aftur, sjálfur lesturinn er gífurlega mikilvægur og nemendur þurfa að fá fleiri tækifæri til að lesa og ræða svo saman um bækurnar. Þegar kaupast þarf skáldsögur velja

## BÆKURNAR Á BORDINU:

Handbók um ritun og frágang  
Hljóðfræði  
Hugtök og heiti í bókmenntafræði  
Íslensk málsaga  
Íslenska 1  
Íslenska 2  
Íslenskar bókmenntir 1550-1900  
Orð verða setningar  
Ormurinn langi  
Réttritunarorðabók handa grunnskólum  
Setningafræði og greinarmerkir  
Smáorð  
Spegill, spegill  
Sögur, ljóð og líf  
Tíminn er eins og vatnið  
Tungutak  
Þyrnar og rósir  
Æfingar í setningafræði



**SKÓLANÁMSKRÁR**

Veigamiklar breytingar komu inn með nýjum lögum um framhaldsskóla um námskrárgerð. Samkvæmt nýju lögunum setur hver skóli sér skólanámskrá sem skiptist í almennan hluta og námsbrautarlýsingar. Námsbrautarlýsingarnar eru lagðar fyrir ráðherra til staðfestingar og öðlast þannig gildi sem annar af tveimur hlutum aðalnámskrár framhaldsskóla, en hinn fyrri er almennur hluti. Um þetta má lesa nánar í lögum um framhaldsskóla á [www.ki.is](http://www.ki.is) Ekki er vítað á þessari stundu hvenær nýju námskrárnar komast að fullu til framkvæmda en miðað er við haustið 2011. Sumir framhaldsskólar eru farnir að smíða skólanámskrár, aðrir ekki. Margir kennarar binda vonir við svigrúmið sem nýju login skapa á þessum vettvangi en þar til af þessu verður er unnið samkvæmt „gömlu“ aðalnámskránni.



**ÞRJÚ ATRÍÐI SEM ERU EFST Á ÓSKALISTANUM:**

- Ný bók fyrir áfanga 102 með góðum grunntextum, vísun í margmiðlunarefni. Ítarefni og góðum tillögum að verkefnum.
- RÚV – sjónvarp á að búa til kennsludeild, þar á til dæmis að vera aðgengi að þáttunum um Árna Magnússon, nýrómantísku skáldin, Kiljubáttum Egils, leikritum og ýmsu fleiru.
- Margmiðlunarefni almennt.

**ÍSLENSKUEILD FÁ – ÁFANGAR:**

- ÍSA 103 Íslenska fyrir nýbúa
- ÍSA 203 Íslenska fyrir nýbúa
- ÍSA 292 Íslenska fyrir nýbúa
- ÍSA 303 Íslenska fyrir nýbúa
- ÍSA 403 Íslenska fyrir nýbúa
- ÍSA 503 Íslenska fyrir nýbúa
- ÍSL 102 Læsi, ritun, tjáning
- ÍSL 103 Læsi, ritun, tjáning og setningafræði
- ÍSL 202 Bókmenntir og málfræði
- ÍSL 203 Mál- og menningarsaga og bókmenntir
- ÍSL 212 Mál- og menningarsaga
- ÍSL 303 Bókmenntir og tungumál frá landnámi til siðaskipta
- ÍSL 403 Bókmenntir og tungumál frá siðaskiptum til 1900
- ÍSL 503 Bókmenntir frá 1900
- ÍSL 603 Íslensk og almenn málvísindi
- ÍSL 613 Skáldsögur og almenn bókmenntafræði
- ÍSL 633 Mál og menningarheimur barna og ungmenna
- ÍSL 873 Lestur góðra bóka
- TJÁ 102 Tjáning
- STA 191 Stafsetning

nemendur kiljur af því að þær eru miklu ódýrari en harðspaldabækur. Þær eru samt ekki heppilegar fyrir hæglæsa nemendur því letrið er iðulega smátt og þær verka mjög óárennilegar fyrir vikið. Nemendur velja líka gjarnan þynnri kiljur fremur en þykkar harðspaldabækur þegar þeir fara á bókasafn og átta sig ekki á að textinn er jafnmikill. Kjörbækurnar *Osi* og *Óvinafagnaður* eftir Einar Kárason mælast vel fyrir, þar eru stuttir kaflar og spenna. *Íslensk málsaga* eftir Sölva Sveinsson var fín í 1. útgáfu en hefur ekki batnað með endurútgáfum. Alltaf bætist við hana og hún er orðin illlæsileg út af smáu letri og er allt of flókin. En textinn, sérstaklega í eldri útgáfum, er vel skrifaður og vandaður og gefur færi á fjölbreytilegum verkefnum. Kennarar geta kennt þessa bók á ýmsa lund og hún múlbindur engan. Málsaga er líka í Íslensku 2. Bækurnar hér á borðinu eftir Heimi Pálsson, *byrnar* og *rósir* og *Sögur, ljóð og líf*, eru líka frá síðustu öld en feikna fróðlegar. Hér er líka *Tíminn er eins og vatnið* sem fyrst kom út í tilraunaútgáfu í Garðabæ, hún er of viðamikil til að nota með bók eins og Þyrnum og rósum og

ef hún á að duga sem bókmenntasaga og textar þyrftu ljóðin að vera birt í heilu lagi. En henni fylgja mjög góðar kennsluleiðbeiningar á vef. Ein af bestu bókunum hérna er *Íslenskar bókmenntir 1550-1900* eftir Kristín Kristjánsson, ekki síst vegna orðaforða. Hún er líka skemmtilega byggð upp og þægilegur texti, það er gott að kenna þessa bók. Námsbækur virðast hafa mikla tilhneigingu til að bóligna út, bæði í endurútgáfum og svo eru nýjar bækur miklar að vöxtum. Bækur eru líka alltaf að verða fræðilegri. Það verður æ meira ólesið í lok áfanga. Fólk þarf að læra miklu meira núorðið en fyrir nokkrum áratugum. Þetta tengist kannski vaxandi fræðimennsku en kemur niður á nemendum. Það er stundum eins og allar þessar bækur séu skrifaðar af kennurum í „elítu“ skólunum svokölluðu sem hafa eðlilega ekki mikla reynslu af hægferðarnemendum. Nemendur verða skelfingu lostnir andspænis fræðilegu tungutaki.

keg

# Vægi listgreina verði aukið til muna

Katrín á svæðisþingi tónlistarskóla á Suðurlandi og Suðurnesjum

Svæðisþing Félags tónlistarskólakennara hafa nú verið haldin í sjö ár og óhætt að segja að þau hafi fest sig í sessi. Þingin eru viðburður sem margir félagsmenn hlakka til enda í senn fróðleg og skemmtileg auk þess að vera góður vettvangur til að hittast og skiptast á skoðunum. Þá koma gjarnan góðir gestir til þinganna.

Á svæðisþingi tónlistarskóla á Suðurlandi og Suðurnesjum 25. september sl. hélt **Katrín Jakobsdóttir** mennta- og menningarmálaráðherra ávarp. Hér er gripið stuttlega niður í það þar sem hún talar um vinnu Anne Bamford og varpar fram mjög áhugaverðum spurningum sem kviknuðu þegar hún kynnti sér hana. Ávarpið í heild má lesa á vef ráðuneytisins, [menntamalaraduneyti.is](http://menntamalaraduneyti.is), og það er ekki leiðinleg lesning.

„Árið 2006 gaf UNESCO út niðurstöður frá heimsráðstefnu um listmenntun undir heitinu Vegvísir fyrir listfræðslu (Roadmap for Arts Education). Árið 2006 voru einnig birtar niðurstöður úttektar á listmenntun í sextíu löndum sem Anne Bamford var fengin til að stýra fyrir hönd UNESCO og fleiri aðila, en Anne er forstöðumaður The engine Room, Wimbledon School of Art í London. Heiti bókarinnar er *The Wow Factor: Global research compendium on the impact of the arts in education* og fjallar hún bæði um menntun í listgreinum og menntun með hjálp lista. Í kjölfarið á útkomu bókarinnar hafa ýmis lönd, þ.á m. Holland, Belgía og Danmörk, fengið Anne til að taka út listmenntun þar.

Vorið 2008 ákvað menntamálaráðuneytið að láta fara fram heildarúttekt á listgreinakenndu í íslenskum skólum, bæði almennum skólum og sérskólum sem kenna listgreinar. Úttektin var gerð veturinn 2008 – 2009. Ráðuneytið fékk Anne Bamford til að gera úttektina og drög að skýrslunni hafa nú borist ráðuneytinu, hún kemur út í næsta mánuði og verður þýdd á íslensku og kynnt sérstaklega. Einnig er rétt að greina frá því að prófessor Anne Bamford verður aðalfyrirlesari á stóri



Ljósmynd: Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson

alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin verður hér í byrjun desember, **Innovation and creativity in the hands of the young**, á vegum menntamálaráðuneytisins, norrænu ráðherranefndarinnar og Evrópusambandsins.

Höfundur skýrslunnar kemst að þeirri niðurstöðu að listgreinakenndu á Íslandi sé á mjög háu stigi og gengur meira að segja svo langt að segja að hún sé víða á heimsmælikvarða. Kennarar séu vel menntaðir og almennt séu næg efni til þess að halda uppi mikilli og góðri kennslu í listgreinum. Hún minnst ekki síst á tónlistarkennslu og tónlistarkennara í því sambandi. Ég vil segja ykkur þetta strax. Anne Bamford hrósar viðmælendum sínum fyrir hvað vel var tekið á móti henni og hversu gott henni þótti að vinna með því fólki sem hún átti viðtöl við.

Höfundur skýrslunnar leggur mikla áherslu á að gera þurfi greinarmun á menntun í listum og menntun í gegnum listir, *education in the arts* og *through the arts*. Skólar þurfi að beina sjónum að menntun í listum og listrænum og skapandi leiðum í öðrum greinum. Leggja

þurfi meiri áherslu á það í skólakerfinu að vinna með sköpun, skólar þurfi bæði að bjóða upp á góða kennslu í listgreinum en líka sköpun í öðrum greinum. Íslenskir nemendur séu flinkir og öruggir þegar kemur að því að vinna að list sinni en þeir séu ekki eins öruggir að segja frá, lýsa því sem þeir eru að gera og koma fram. Þetta á ekki bara við um listgreinakenndu hér á landi heldur um fleiri greinar. Það er talað um tjáningu í íslensku og erlendum tungumálum sem virðist oft vera látni sitja á hakanum.

Menntun í tónlistarskólum er mjög góð að mati höfundar, flinkir kennarar og kennsla í háum gæðaflokki en einblínt sé um of á klassíska tónlist, eða hefðbundna eins og höfundur orðar það, samkvæmt evrópskri hefð. Námskráin byggir einnig á þeirri hefð. Djassi og popptónlist sé ekki gefinn mikill gaumur þótt vissulega sé ný aðalnámskrá í rytmískri tónlist spor í rétta átt. En þrátt fyrir þetta sé mikill meirihluti þeirrar tónlistar sem gefin er út á Íslandi popp eða rokk. Þetta kemur engum á óvart en er áhugavert að íhuga í þessu samhengi.

Anne leggur mikla áherslu á að tónlistarskólar og almennir skólar vinni nánar saman, það yrði öllum til góðs. Og tónlistarskólar vinni með almennum skólum í hverfinu. Líka er minnst á að lítið samstarf sé hjá tónlistar-skólum almennt. Væri ef til vill akkur í því að fá skóla sem ekki einkorðast við myndlist eða tónlist heldur kenndi ýmsar greinar? Anne hefur orð á því að tónlist, myndlist og handmennt sé skipaður hærri sess en til dæmis dansi og leiklist. Langar okkur að sjá slíka skóla, skóla þar sem allar listgreinar geta þrífist, listaskóla fyrir börn og unglinga?

Ég vil sjá vægi listgreina aukið til muna við gerð nýrrar aðalnámskrár fyrir öll skólastig. Ég bið um liðsinni ykkar við þá vinnu. Ég vænti þess að við getum nýtt okkur efni nýrrar skýrslu Anne Bamford til þess og hún verði okkur gott vegahesti.“

## Vefanesti

Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir deildarstjóri í forskóla og tónfræðideild við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar lumar á mörgum góðum tónlistartenglum, hérlendum sem erlendum. Hér eru þrjú góðir vefir úr safni Kristjönu:

1. **Krakkavefur San Francisco sinfóníunnar:**  
[www.sfskids.org/templates/home.asp?pageid=1](http://www.sfskids.org/templates/home.asp?pageid=1)
2. **Krakkavefur Dallas sinfóníunnar:**  
[www.dsokids.com/](http://www.dsokids.com/)
3. Á vef **Carnegie Hall** er meðal annars að finna fræðsluleik sem byggir á verki Britten's, *The young person's guide to the orchestra*: [listeningadventures.carnegiehall.org/ypgto/index.aspx](http://listeningadventures.carnegiehall.org/ypgto/index.aspx)  
Kennarar geta skráð sig inn sérstaklega til að fylgjast með framgangi nemenda sinna í leikum: [listeningadventures.carnegiehall.org/ypgto/teachers/logon.aspx](http://listeningadventures.carnegiehall.org/ypgto/teachers/logon.aspx)  
Á Youtube er svo hægt að sjá myndbönd af flutningi verksins, til dæmis hér: [www.youtube.com/watch?v=Ku3TRcjLpyY](http://www.youtube.com/watch?v=Ku3TRcjLpyY)

[www.lsr.is](http://www.lsr.is)



## Traustur sjóður, örugg samfylgd

Meginhlutverk LSR er að taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í sameiginlegum sjóði til að greiða elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri. Á vef LSR, [www.lsr.is](http://www.lsr.is), geta sjóðfélagar nálgast yfirlit og séð heildarstöðu lífeyrisréttinda sinna og iðgjaldaskil launagreiðenda.

# Geta sveitarfélög og skólar aukið gæði og þjónustu í núverandi árferði?

Á þriðja skólaþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var 2. nóvember sl. var meðal annars rætt um möguleika skóla og sveitarfélaga til þess að halda uppi og jafnvel auka gæði og þjónustu í skólastarfi í kreppunni. Nærri 200 manns sátu þingið en yfirskrift þess var: Skóli á tímamótum – hvernig gerum við enn betur? Meðal framsögumanna á ráðstefnunni voru *fjórir formenn aðildarfélaga KÍ* og hér er tæpt á nokkrum atriðum sem þeir og aðrir, sem töluðu undir þessum dagskrárlið, gerðu að umtalsefni.

**Björg Bjarnadóttir**, formaður Félags leikskólakennara, sagði leikskólakennara hafa skilning á nauðsyn þess að hagræða til að minnka byrðar komandi kynslóða. Hins vegar varaði hún við því að fjölga börnum meira en orðið er miðað við fjölda starfsmanna og minnti á þörf fyrir að fjölga leikskólakennurum við störf á leikskólum. Björg sagði ekki auðvelt að svara spurningunni sem lögð var í hendur fyrirlesurum: *Geta sveitarfélög og skólar aukið gæði og þjónustu í núverandi árferði?* Eftir því sem nær dró skólaþingi fannst henni það erfiðara „vegna þess að með hverjum degi sem líður bætast við fleiri staðir á landinu þar sem fólk er í öngum sínum út af niðurskurði“, sagði Björg en bætti því við að samt bæri að leita svara við þessari spurningu og koma áherslum félagsmanna og félagsins á framfæri. Í þessu skyni leitaði hún til félagsmanna FL víðsvegar um landið og fékk þá í líð með sér að hugleiða eftirfarandi þrjár spurningar: 1) Í hverju felast gæði í leikskólastarfi? 2) Hvað er mikilvægast að standa vörð um í leikskólastarfi í kreppunni? 3) Felast tækifæri í kreppunni til að gera betur, almennt og í leikskólastarfi?

Fjölmargt kom fram að sögn Bjargar en allir nefndu starfsfólk leikskóla sem helstu forsendu gæðastarfs, áhuga starfsfólksins almennt, stöðugleika í starfi og fagmennsku kennara. Án þessa fráþæra fólks væri ekki hægt að halda uppi góðu skólastarfi, þetta fólk hefði valið leikskólann sem starfsvettvang, margir hverjir á tímum þegar ýmis önnur störf stóðu til boða. Leikskólinn ætti að vera afslappað umhverfi þar sem foreldrum líði vel yfir því að skilja börnin sín eftir. Mikilvægt væri að verja réttindi barna en óhægt ef nemendahópar stækkuðu, leikskólar væru nú þegar stútfullir. „Skólinn á að vera kreppufrítt svæði,“ sagði í einu svaranna. Félagsmenn sæju þau tækifæri meðal annars í kreppunni að gildismat breyttist til hins betra og góð samvera og samskipti kæmist í forgrunn, auk þess flæddi sköpunargleðin fram nú sem aldrei fyrr og auðvelt að virkja hana til góðs.

Björg vék aftur að spurningunni um gæði og þjónustu og skipti henni í tvennt: Er hægt að viðhalda sömu gæðum og áður? Er hægt að bjóða sömu þjónustu og áður? Hún svaraði þeirri síðarnefndu afdráttarlaust neitandi en



Ljósmyndir: Ingibjörg Hinriksdóttir

sagði flóknara að svara því hvort hægt væri að viðhalda gæðum eða jafnvel auka þau: „Það er freistandi að svara játandi en það verður að gera með þeim fyrirvara að það eigi ekki við alls staðar,“ sagði Björg. „Þær aðgerðir sem gripið er til í sveitarfélögum eru misharkalegar. Sums staðar lítilsháttar en annars staðar meiriháttar, og þar er mikil hætta á að gæðin minnki. Svo dæmi sé tekið er fólk í tilteknu sveitarfélagi að velta fyrir sér að fækka stjórnunarstöðum, taka nánast af fag- og starfsmannafundi, fækka skipulagsdögum, skera niður stoðþjónustu og fjölga börnum. Hvað gerist ef allt þetta er framkvæmt? Við þessari spurningu er ekki einhlítt svar.“

**Ólafur Loftsson**, formaður Félags grunnskólakennara, lagði út af markmiðsgrein grunnskólalaga og minnti á samband aukinnar menntunar við aukningu hagvaxtar. Hann ræddi sérstaka stöðu og hlutverk kennara gagnvart nemendum þar sem kreppan rataði beint inn í skólastofurnar og mikilvægi þess að skapa kennurum eins mikið starfsöryggi og mögulegt væri miðað við aðstæður því ella ættu þeir ördugt um vik að vera nemendum sú stoð og stytta sem nauðsynlegt væri. Skólinn hefði miklum skyldum að gegna gagnvart nemendum og bæri að tryggja þeim jafnrétti til náms þrátt fyrir efnahagsþrengingar.

Sveitarfélög þyrftu að vera vakandi fyrir því að ef til vill þyrfti að auka þjónustu skóla, svo sem með því að bjóða upp á morgunverð

eða hádegisverð, auk þess að tryggja að allt nám væri nemendum að kostnaðarlausu. „Kennarinn þarf á stuðningi yfirmanna sinna að halda til að takast á við þessi mál,“ sagði Ólafur og vísaði þar til þess að stöðva innreið kreppu í skóla.

„Kennarasambandið og Félag grunnskólakennara munu leggjast gegn hvers kyns hugmyndum um að skerða þjónustu í skólum. Slíkt bitnar mest á þeim sem þurfa á öflugum skólastarfi og stoðþjónustu að halda,“ sagði Ólafur enn fremur. Hann benti á að niðurskurður í menntamállum væri ekki vænleg leið upp úr kreppu (og vísaði meðal annars til Þorvaldar Gylfasonar á þingi KÍ 2008 um að efling menntunar eflði lýðræði sem yki hagvöxt), engu að síður væri nú þegar búið að skera verulega niður. Lausráðnir kennarar fengju ekki endurráðningu, eitthvað væri um uppsagnir fastráðinna kennara, bekkir væru sameinaðir, yfirvinna nánast þurrkuð út og margt fleira. „Það er ekki hægt að skera meira niður í skólakerfinu,“ fullyrkti Ólafur og vitnaði ásamt fleiru til nýlegra orðaskipta við kennara sem sagði að hann og samstarfsmenn hans væru á hverjum degi „að bjarga því sem bjargað verður“.

**Sigrún Grendal**, formaður Félags tónlistarskólakennara, ræddi þá aðferð félagsins og viðbrögð við kreppunni að beita sér í stórum faglegum málum sem efla kennarahópinn. Hún vísaði þar meðal annars til frumkvæðis



### Þetta sagði ráðherra

Katrín Jakobsdóttir kom inn á framkvæmd menntalaga og þrýsting, meðal annars frá SÍS, um að fresta tímabundið tilteknum ákvæðum þeirra. Hún lagði áherslu á að stíga varlega til jarðar í slíku og að alls ekkert yrði gert í þessa veru án samráðs við KÍ og sveitarfélög.

FT og samvinnu við menntamálaráðuneytið um úttekt á listfræðslu á Íslandi, fjallaði um vinnu félagsins að þróun kennaramenntunar tónlistarskólakennara og samræður, meðal annars við Listaháskóla Íslands, um þau mál. Sigrún fór í erindi sínu yfir þýðingu listnáms og áherslu á það í námi og námskrám og tengingu við námsárangur almennt, til dæmis niðurstöður í Pisa. „Félagið tók þá ákvörðun,“ sagði Sigrún í upphafi máls síns, „að besta leiðin til að vinna sig út úr kreppunni væri að beita sér með markvissum hætti í stórum faglegum málefnum sem styrkja umgerð tónlistarfræðslu og starfsemi tónlistarskóla, sem efla tónlistarkennara og stjórnendur og hafa áhrif á fagvitund, stefnumótun og stefnumótunaraðila.“ Sigrún svaraði spurningunni sem lagt var upp með játandi, þ.e. að hægt væri að auka gæði og þjónustu í kreppunni, og sagði stóru málefnið sem félagið beitir sér markvisst í eiga það sammerkt að „þróa og efla kerfi tónlistarskóla, bæði sem sjálfstætt kerfi og sem hluta af menntakerfi þjóðarinnar“.

Sigrún vísaði í máli sínu til dr. Anne Bamford sem hefur rannsakað listkennslu víða um lönd, þar á meðal héraendis fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið (að tilstuðlan FT) og stýrir alþjóðlegri rannsókn fyrir UNESCO. Í niðurstöðum Anne kemur fram að þar sem listum er gert hátt undir höfði í menntakerfi þjóða eru gæði almennrar menntunar hvað mest. Þau eru mest þar sem tekst að virkja sérþekkingu úti í samfélaginu til stuðnings hinu almenna skólakerfi. Sigrún vitnaði í fleiri aðila, innlenda og erlenda, skýrslur, stofnanir og einstaklinga sem með einum eða öðrum hætti taka undir að auka eigi vægi listnáms og lýsti í framhaldi af því þeirri sýn FT að menntastefna dagsins í dag þurfi að vera gljúp og umlykja meira en tilteknar stofnanir hvers skólastigs. „Í tengslum við sterka stöðu og frumkvæði Íslands á sviði lista, menningar og skapandi starfs,“ sagði Sigrún, „teljum við að Ísland geti verið leiðandi í að nýta fyrirbyggjandi og nýjar rannsóknir til þróunar skólakerfisins, til samræmis við breyttar þarfir samfélagsins á nýrri öld. Fjöldi rannsókna og stefnumarkandi pólitískra yfirlýsinga benda á nauðsyn þess að menntakerfið setji í forsæti að stuðla að alhliða persónuþroska einstaklinga í stað hefðbundinna áherslna á þekkingu og miðlun þekkingar, sem birtast meðal annars í því gildismati sem Pisa könnunin undirstrikar.“ Þá varpaði Sigrún fram þessari spurningu: „Hefur Ísland ekki alla möguleika til að vera leiðandi í þróun menntunar til samræmis

### Fjöldi rannsókna og stefnumarkandi pólitískra yfirlýsinga benda á nauðsyn þess að menntakerfið setji í forsæti að stuðla að alhliða persónuþroska einstaklinga.



við breyttar þarfir á 21. öld?“ Sigrún lagði áherslu á hvernig gott samstarf aðila gæti haft áhrif til aukinna gæða í skólastarfi, „og ég held,“ sagði hún, „að það hljóti að vera sameiginleg sýn okkar allra að við þurfum á þeim samlegðaráhrifum að halda sem traust, frjótt og faglegt samstarf aðila getur gefið af sér.“

**Kristinn Breiðfjörð**, formaður Skólastjórafélags Íslands, ræddi meðal annars um niðurstöður í TALIS rannsókninni og nýlegri lestrarkennslurannsókn og tengdi við málefni símenntunar og starfsþróunar. Hann ræddi mikilvægi stöð- og sérfræðiþjónustu á krepputímum og hvatti skólayfirvöld til

þess að ganga varlega fram í niðurskurði og hagræðingu og fórna alls ekki meiru fyrir minna. „Það eru erfiðir tímar og við þurfum að finna lausnir,“ sagði Kristinn og lagði áherslu á að staða sveitarfélaga væri miserfið og því ekki hægt að tala um eina lausn sem öllum hentaði. „Ég er sannfærður um að það er hægt að auka gæði,“ sagði Kristinn. „Það er alltaf hægt. En hin spurningin, hvort hægt er að auka þjónustuna, þá vefst mér tunga um tönn.“

Kristinn sagði aukin gæði og betri árangur vera nátengd hugtök og eðlilegt að skoða það sem vel væri gert, hvernig það væri gert og hvar væru brotalamir. Í þessu samhengi nefndi hann fjóra þætti sérstaklega sem benda

okkur á leiðir til að auka gæði skólastarfs: Rannsóknir, símenntun og starfsþróun sem fyrr er getið og loks samstarf heimila og skóla. Kristinn sagði frá því að í fyrirlestri dr. Charles Desforges á menntavísindabíngi kom fram að foreldrar eru stærsti áhrifavaldurinn í skólagengi nemenda og áhrif þeirra eru mest inni á heimilinu, hvað þeir gera með börnum sínum þar og hvernig þeir nálgast viðfangsefnið. „Það er líka vitað að það sem foreldrar gera inni í skólum og með starfsfólki skóla hefur mikil áhrif.“ Kristinn lýsti því nánar með dæmum hvernig unnt væri að auka gæði í skólastarfi með hliðsjón af þáttunum fjórum og sagði meðal annars frá samstarfi skóla í Grafarvogi um lestrarkennslu, þekkingaröflun gegnum netverk, fardeildarþjónustu vegna barna með atferlis- og geðraskanir og fleira.

Að mati Kristins hefur margt gott verið gert af hálfu sveitarfélaga frá því þau tóku við rekstri grunnskólans árið 1996 og í góðærinu bættist margvísleg þjónusta við þá sem fyrir var. Í kreppunni var svo gripið til ýmissa ráða, til dæmis samrexturs leik-, grunn- og tónlistarskóla, eða tveggja af þessum. Kristinn sagði of hratt farið í þessa hluti og ýmis vandamál komu upp í sambandi við mannahald og skipulagsmál. Hann bað fólk um að fara sér hægur og huga vel að faglega þættinum svo að þjónustan versnaði ekki. Í lok máls síns vék Kristinn að mikilvægi þess að niðurskurður yrði vel kynntur fyrir skólafólki, sveitarstjórnarmenn kæmu hreint fram og segðu umbúðalaust hvað stæði fyrir dyrum í þeim efnum.

Á eftir formönnunum fjórum talaði **Sjón Þórðardóttir**, formaður Heimilis og skóla, sem lagði út af nýju menntalögum sem tækifæri til að auka þátttöku foreldra í skólastarfi og námi barna sinna.

Hún ræddi um ýmsa möguleika til þess að virkja áður ónýtta krafta í samfélaginu til góðs fyrir menntun og skólastarf, hag og heill barnanna. **Gunnar Gíslason** fræðslustjóri á Akureyri ræddi meðal annars viðhorf kennara og skólastjórnenda eins og þau birtast í TALIS rannsókninni og niðurstöður um góða líðan íslenskra barna á skólanum í samhengi við námsárangur þeirra í stórum samanburðarprófum eins og Pisa. Gunnar ræddi þörf á viðhorfsbreytingu og gerði auk þess kjarasamninga og lög að umræðuefni, einkum að efni þeirra gæti hindrað nauðsynlegan sveigjanleika og framþróun.

**Katrín Jakobsdóttir** mennta- og menningar- málaráðherra kom inn á framkvæmd menntalaga og þrýsting, meðal annars frá SÍS, um að fresta tímabundið tilteknum ákvæðum þeirra. Hún lagði áherslu á að stíga varlega til jarðar í slíku og að alls ekkert yrði gert í þessa veru án samráðs við KÍ og sveitarfélög. Katrín boðaði að sam-ráðsnefnd menntamálaráðuneytis, SÍS og hlutaðeigandi aðildarfélaga KÍ um málefni leikskóla og grunnskóla kæmist á laggirnar á næstu vikum, ræddi um væntanlega skýrslu um eineltismál og drög að frumvarpi til laga um tónlistarfræðslu.

keg

## AF GLÆRUM



**Björg Bjarnadóttir:** Tækifæri til að gera betur í kreppunni, stíkkoró úr svörum félagsmanna: Styttu vinnutíma almennt – setja fjölskyldustefnu. Vakning í þjóðfélaginu – skapa barnvænna samfélag. Aukin samvera foreldra og barna. Styttu dvalartíma barna, skilgreina grunnþjónustu, einfalda starfið. Fleiri skipulagsdagar – minni kvöldvinna. Meiri stöðugleiki í starfsmannahaldi, fleiri störf eru 100%, minna

er um frí. Nýta mannaúðinn betur, læra hvert af öðru, nýta hugmyndir foreldra. Breytt gildismat, m.a. gagnvart starfinu, virðing, hvað skiptir máli. Hvatning til að fara í leikskólakennaranám – rétti tíminn til að „markaðssetja“ starfið. Agaðra samfélag, minni vinna og hraði, betri tími, aukinn siðferðisþroski. Sköpunargleði hvers og eins flæðir fram – aukin nýtni, nægjustemi. Áhersluatriði FL: Að náíð samráð sé haft við viðkomandi skólastjórnendur og aðra sem í hlut eiga. Að allar aðgerðir sem farið er í verði skýrt skilgreindar sem tímabundnar aðgerðir. Að niðurskurður þýðir skerðingu á þjónustu leikskóla.



**Ólafur Loftsson:** Vandamál sem kreppan skapar berast óhjákvæmilega inn í skólana, en kennarar gera allt sem þeir mögulega geta til að minnka þau neikvæðu áhrif sem kreppan hefur í för með sér. Stöndum vörð um skólastarf – hugsum til framtíðar: KÍ/FG mun leggja gegn hverskyns hugmyndum um að skerða þjónustu í skólum. Það þarf að standa vörð um störfin og forgangsraða þannig að

grunnþjónustan komi þar fremst. Skólarnir eiga að vera þar mjög framarlega og forgangsraða þarf í þágu barnanna. Vinnuhúpur FG, SÍ og LN skilaði skýrslu um sameiginlega framtíðarsýn í skólamálum til 2020 og tillögum um áframhaldandi vinnu. Stjórnir allra þessara aðila hafa samþykkt að unnið skuli áfram að því að raungera þessa framtíðarsýn og eru sammála um að halda áfram þar sem frá var horfið þegar ástandið í samfélaginu lagast. Eitt af því mikilvægasta sem við gerum til að byggja upp betra Ísland er að slá ekki slöku við í menntun barnanna okkar.



**Sigrún Grendal:** Vandamál samfélaga felst ekki í þekkingarskortum heldur vanhæfni til að nýta fyrirbyggjandi þekkingu út frá heildarhagsmunum þar sem umhyggja og réttlæti eru höfð að leiðarljósi. Mikil áhersla á bóknám fram yfir nám þar sem tilfinningar koma meira við sögu hefur valdið því að vaxandi gjá hefur myndast milli vitræns og tilfinningalegs þroska. Prófessor Antonio Damasio heldur

því fram að þessi áhersla eigi þátt í hrakandi siðferði í nútíma samfélagi. Tilfinningar eru samofnar ákvarðanatöku og leiðarljós athafna og hugmynda, hugsunar og dómgreindar. Án aðkomu þeirra yrði hver athöfn, hugmynd eða ákvörðun alfarið byggð á rökrænum forsendum. Siðræn hegðun krefst tilfinningalegrar þátttöku. Prófessor Damasio heldur því fram að list-fræðsla styrki friðarmenningu með því að stuðla að tilfinningalegri virkni og betra jafnvægi milli vitræns og tilfinningalegs þroska.



**Kristinn Breiðfjörð:** Hvernig hefur þróun verið frá 1996? Bygging skólahúsnæðis – stækkun og endurnýjun. Lenging skóladags – frístundaheimili – skóladagheimili – gæsla. Mötuneyti og matarþjónusta. Lenging skólaársins úr 170 í 180 daga. „Skóli fyrir alla“ – fækkun í sérskólum og sérdeildum. Minni námshópar og bekkir. Fjölgun kennara, deildastjóra, sérkennara og námsráðgjafa. Nýjar starfsstéttir: Stuðningsfulltrúar, þroskaþjálfar, félagsráðgjafar. Hvernig hefur verið brugðist við kreppunni? Dregið úr innkaupum á rekstrarvörum. Búnaðarkaup stöðvuð (tölvur, húsgögn...) Starfsmannakostnaður skorinn niður (t.d. kaffi, jólagjafir, námsferðir o. fl.) Niðurskurður á yfirvinnu og öðrum viðbótargreiðslum. Fækkun starfsmanna. Viðbótarstundir felldar niður. Skiptistundum fækkað. Stækkun námshópa. Dregið úr símenntun. Skólar sameinaðir eða þeim lokað. Samrextur leik-, grunn- og tónlistarskóla.





*Hjá Grafhildi*

Engjateigi 5 • Sími 581 2141 • www.hjagrafhildi.is

...ALBA  
Gistiheimili

Orlofsávísanir KÍ gilda hjá okkur



Í miðri Reykjavík

■ [www.alba.is](http://www.alba.is)  
Eskihlíð 3 • 105 Reykjavík  
stay@alba.is • Sími 552 9800



**Aðstoðarleikskólastjóri óskast**

Leikskólinn Aðalþing í Kópavogi óskar eftir að ráða aðstoðarleikskólastjóra.

Í Aðalþingi er unnið í anda Reggio Emilia.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framhaldsnám æskilegt.
- Reynsla og stjórnunarhæfileikar.
- Töluvunnátta nauðsynleg.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Staðan er laus frá og með 1. febrúar 2010.

**Umsóknarfrestur er til 10. desember 2009.**

Umsóknir um störf skal senda ásamt ferilskrá á netfangið [sigalda@sigalda.is](mailto:sigalda@sigalda.is)

Tekið skal fram að Aðalþing er reyklaus vinnustaður.

Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.

Nánari upplýsingar um stöðuna hjá leikskólastjóra, Guðrúnu Öldu Harðardóttur í síma 515 0930 eða 847 1230

# Framhaldsskólinn og fjárlagafrumvarpið

Ef fjárlagafrumvarpið 2010 verður samþykkt óbreytt er framhaldsskólunum gert að standa sjálfir strauð af 40% af kostnaði vegna fleiri nemenda í forgangshópum (nemendur með fötlun og nemendur undir lögaldri). Einnig mun fjarnám og kvöldskólanám skerðast um helming. Millifærslur koma til með að bitna illa á skólum sem búa við þröngan húsakost.

Þetta er meðal þess sem boðað er í fjárlagafrumvarpi 2010 eins og það snýr að framhaldsskólum. Félag framhaldsskólakennara hefur sent frá sér eftirfarandi ályktun af þessu tilfelli:

Ályktun Félags framhaldsskólakennara um fjárlagafrumvarp 2010 og niðurskurð á fjárveitingum til framhaldsskóla

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010 sem nú liggur fyrir Alþingi birtist niðurskurður á fjárveitingum til framhaldsskóla með þrenns konar hætti.

- Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að framlög lækki frá fjárlögum yfirstandandi árs um tæplega 850 m.kr. Lagt er til að þessum niðurskurði verði mætt með því að fella alveg niður nám í 10. bekk grunnskóla í

framhaldsskólum og draga úr fjarnámi og kvöldskólanámi um helming.

- Í öðru lagi er gerð tillaga um að skólarnir fái aðeins 60% af reiknuðu framlagi samkvæmt reiknilíkani framhaldsskóla vegna fjölgunar í skólunum um 350 ársnemendur í forgangshópum. Frumvarpið skilgreinir nemendur á fræðsluskuldadrinum 16–18 ára og fatlaða nemendur sem forgangshópa í námi framhaldsskóla.
- Í þriðja lagi er gert ráð fyrir innbyrðis tilfærslum á fjárframlögum milli skólanna sem nema samtals 620 m.kr. Ástæður þessara millifærslu eru breytingar á samsetningu náms í einstökum skólum og breytingar á reglum við útreikninga vegna sérkennsluáfangu og húsaleigu skólanna. Þessar fyrirhuguðu tilfærslur koma m.a. sérstaklega illa við skóla sem búa við þröngan húsakost.

Þessi mikli niðurskurður á fjárveitingum til framhaldsskóla er sérstakt áhyggjuefni þar sem þeim hefur í mörg ár verið skorinn mjög þröngur stakkur í rekstri. Því verður



FÉLAG  
FRAMHALDSSKÓLA-  
KENNARA

að telja hættu á að skólarnir geti ekki sinnt lögbundnum skyldum sínum við nemendur, hvorki í forgangshópum né almennt, ef fyrirfram er ákveðið að greiða ekki nauðsynlegan viðurkenndan kostnað af námsvist þeirra.

Stjórn Félags framhaldsskólakennara leggur fast að ráðherrum, fjárlaganefnd, menntamálanefnd og öllum þingmönnum að sjá til þess að framhaldsskólar fái nauðsynlegt fjármagn til að sinna lögbundnum skyldum við nemendur í þeim erfiðu aðstæðum sem eru framundan.

Niðurskurður má ekki bitna á þeim sem síst mega við því, efnahagslega og félagslega.

## Máttur tengsla og innlifunar á fræðadögum

Fræðadagar heilsugæslunnar verða haldnir fimmtudaginn 26. og föstudaginn 27. nóvember 2009 á Grand hóteli í Reykjavík. Fyrirlestrar eru haldnir í Gullteigi A og B og Hvammi.

Dagskrá er fjölbreytt og snertir ýmiss konar forvarnir, þ.á m. heilsuvernd skólabarna. Eftirfarandi fyrirlestrar ættu til dæmis að vekja áhuga kennara:

### FIMMTUDAGUR

Kl.15:00, Gullteigur A: Áverkar á börnum eftir ofbeldi/Gestur Pálsson, barnalæknir.

Kl.15:20, Gullteigur B: Íþróttaiðkun barna og unglinga/Anna M. Guðmundsdóttir, heimilislæknir.

### FÖSTUDAGUR

Kl.8:30, sameiginlegur fyrirlestur, Gullteigur A og B: Máttur tengslanna /Linn Getz, dósent í heimilis- og samfélagslækningum í Prándheimi og trúnaðarlæknir Landspítala.

Kl.9:30, Gullteigur A: Í augum þínum verð ég til – um mátt innlifunar í eðlilegum heilabroska/Guðbrandur Árni Ísberg, sálfræðingur.

Kl.10:40, Gullteigur A: ADHD - samræmd meðferð Broska- og hegðunarstöðvar/Ragnheiður Elísdóttir, barnalæknir og Magnús F. Ólafsson, sálfræðingur.

Kl.11:40, Gullteigur A: Lagt í vörðuna – geðræktarverkefni fyrir ellefu ára börn/Fríða Björnsdóttir, hjúkrunarfræðingur MPH og Guðrún Þórðardóttir, grunnskólakennari MPH.

Kl.10:40, Gullteigur B: Offita barna: Hvað er til ráða?/Tryggvi Helgason, barnalæknir.

Kl.15:30, sameiginlegur fyrirlestur, Gullteigur A og B: Áhrif efnahagsþrenginga á börn og unglinga/Ólafur Ó. Guðmundsson, yfirlæknir á BUGL.

Margt fleira gagnlegt og áhugavert er í boði. Fullt gjald fyrir báða dagana er kr. 9000. Allar nánari upplýsingar eru á [heilsugæslan.is](http://heilsugæslan.is) og skráning fyrirfram er á [novus-media.net/fraedadagar.html](http://novus-media.net/fraedadagar.html)



KIRKJUBÆJARSKÓLI

## GRUNNSKÓLAKENNARA VANTAR

### Kirkjubæjarklaustur

Vegna breyttra aðstæðna vantar grunnskólakennara í Kirkjubæjarskóla um næstu áramót.

Kennslugreinar eru:

- umsjón í 5. og 6. bekk
- bekkjarkennsla í 5. og 6. bekk (íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði og náttúrufræði)
- sérkennsla
- umsjón með félagsstarfi nemenda

Upplýsingar veitir Kjartan Kjartansson, skólustjóri s: 865-7440. Nánari upplýsingar um skólann og Skaftárhrepp eru á [www.kbs.is](http://www.kbs.is) og [www.klaustur.is](http://www.klaustur.is). Umsóknir má senda á netfang skólans [skoli@klaustur.is](mailto:skoli@klaustur.is) eða í pósti merktar, Kirkjubæjarskóli, Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustur, fyrir 20. nóvember.

SÍMENNTUN VIÐ BIFRÖST

# Áfram menntavegin!

ALLAR  
NÁNARI  
UPPLÝSINGAR  
Á BIFROST.IS

WWW.BIFROST.IS

## Máttur kvenna I & II

Háskólinn á Bifröst býður upp á rekstrarnám í fjarnámi fyrir konur sem hafa áhuga á að bæta rekstrarþekkingu sína og efla tengslanetið.

Námskeiðið hefst með vinnuhelgi á Bifröst en svo tekur við 3 mánaða kennsla í fjarnámi. Náminu lýkur svo með vinnuhelgi og formlegri útskrift á Bifröst.

### NÁMSGREINAR Í MÆTTI KVENNA:

Upplýsingatækni | Fjármál | Bókhald | Áætlanagerð  
Sölu- og markaðsmál

MÁTTUR KVENNA I & II hefst í febrúar 2010.

Byrjað er að taka við umsóknum.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

FRUMGREINAEILD

VIÐSKIPTAEILD

LAGAEILD

FÉLAGSVÍSINDEILD



## Er ráðstefna eða fundur á döfinni?

■ Hjá **Iceland Congress** vinnur vel menntað og sérhæft starfsfólk með yfir tuttugu ára reynslu á sínu sviði. Við aðstoðum viðskiptavinum okkar við að skipuleggja og undirbúa allar stærðir og gerðir af fundum, ráðstefnum og öðrum atburðum. **Iceland Congress** býður persónulega þjónustu og hefur áhuga á þér og þínum markmiðum.

**ICELAND  
CONGRESS**

Eskihlíð 3 ■ 105 Reykjavík ■ S: 552 9500 ■ info@icelandcongress.is ■ www.icelandcongress.is

 skolavefurinn.is

## JÓLAGJAFASMIÐJA SKÓLAVEFSINS

ALLT Í JÓLAUNDIRBÚNINGINN

# ÓKEYPIS

ÓKEYPIS GJAFIR SEM  
ALLIR NEMENDUR GETA ÚTBÚIÐ, T.D. :

**HLJÓÐBÆKUR,  
MYNDSKREYTT  
DAGATÖL,  
BÆKUR OG  
MARGT,  
MARGT FLEIRA.**

[WWW.SKOLAVEFURINN.IS/JOL](http://WWW.SKOLAVEFURINN.IS/JOL)

# Með tímans göngulagi

Tímavakar: Einföld tæki sem skila hámarks árangri

Fyrir rúmum tuttugu árum fann Jan Rogers upp og frumhannaði tímavakana. Hún vildi kenna ungum börnum að skilja tímahugtakið og hjálpa þeim þar með að stjórna tíma sínum á árangursríkan hátt. Lausn hennar var að setja fagurrauða skífu í venjulega bókunarklukkku til að sýna börnunum að tíminn líður. Rauða skífan varð minni og minni eftir því sem á tímann leið.

Þessi einfalda og snjalla lausn Jan Rogers hefur rækilega sannað gildi sitt. Nú eru tímavakar afar vinsælir og notaðir um allan heim við tímastjórnun í margbreytilegum aðstæðum, í námi og sérkenntu, heima og í vinnunni. Engin furða, því eins og einhver sagði: „Af öllum lífsins gæðum er tíminn sá verðmætasti og þessum gæðum deilum við jafnt með okkur.“

Tímavakar (Time Timers) eru einstakir tíma-mælur í klukkulíki. Þeir fást í ólíkum stærðum, með eða án hljóðs (hefðbundnir tímavakar), sem armbandsúr og einnig á geisladiski (CD-ROM). Þeir eru mjög auðveldir í notkun og hefðbundnir tímavakar geta staðið á borði eða hangið á vegg. Um næstu áramót leysa hefðbundnir tímavakar með hljóði endanlega þá hljóðlausu af hólmi. Á tímavökum er eldrauð skífa sem hvílir á hvítum bakgrunni með tölutáknum í öfugri röð fyrir 60 mínútur. Skífan er síðan stillt á ákveðin tímamörk og minnkar þá eftir því sem tíminn líður og hverfur alveg að lokum. Með þessu móti er sýnt á einfaldan en sjónrænan hátt að tíminn líður, m.ö.o. stöðugt er hægt að sjá með berum augum hversu mikið er eftir af fyrirfram skilgreindum tímamörkum. Hægt er að skipta út ofangreindum bakgrunni fyrir bakgrunn án tölutákna. Það býður upp á þann möguleika að laga tímavakann að þörfum ólíkra einstaklinga. Skrifa má á bakgrunninn með tússpenna, lita á hann eða nota sérstaka límmiða (samskiptatáknmyndir) til að tengja enn betur tímaskynjun einstaklingsins við tiltekna atburðaröð frumdan.

Um Tíberfljót orti Einar Benediktsson: „Tíber sígur seint og hægt í ægi, seint og þungt - með tímans göngulagi.“ Göngulag tímans hefur verið andans mönnum umhugsunarefni í gegnum aldirnar. Ýmist er tíminn seinn eða fljótur í förum. Tímanum er einnig líkt við beljandi fljót til að sýna hve hratt hann æðir áfram, afstæði hans og allra hluta. Þá er



Ljósmynd: Kristín Elfa Guðadóttir

**Margir eiga í erfiðleikum með að átta sig á því hvað tímanum líður og hvernig best sé að verja honum. Þetta getur leitt til ósjálfstæðis, óöryggis og lélegs sjálfsmats og getur dregið úr eðlilegum framförum einstaklinga.**

tímanum líkt við vatn og vötn til að minna á hið gagnstæða, þ.e. stöðugleika hans og allra hluta.

Daglega spyrjum við: Hvað líður tímanum? Hve lengi enn...? Þessar sjálfsgöðu spurningar geta reynst mörgum erfiðar viðureignar, ungum börnum, öldruðum, fötlum o.fl. Í fyrsta lagi er tímahugtakið sértækt og mörgum næsta óskiljanlegt. Af því leiðir í öðru lagi að margir eiga í erfiðleikum með að átta sig á því hvað tímanum líður og hvernig best sé að verja honum. Þetta getur leitt til ósjálfstæðis, óöryggis og lélegs sjálfsmats og getur dregið úr eðlilegum framförum einstaklinga. Við slíkar aðstæður koma tímavakar að góðum notum. Þeir skerpa skilning og skynjun fólks á tímanum og gera því kleift að skipuleggja hann á árangursríkan hátt. „Tíminn er þeim nægur sem nota kann,“ er haft eftir Leonardo da Vinci og er það hverju orði sannara.

Tímavakar nýtast jafnt ungum sem öldnum, jafnt börnum á leikskólum og eldri borgurum. Þá henta tímavakar vel fólki með ýmiss konar námsörðugleika, sérþarfir og/eða fötlun, s.s. fólki með einhverfu, fólki með Alzheimersjúkdóminn og með Aspergerheilkenni. Þá hafa hérlendir og erlendir ADHD ráðgjafar bent á tímavaka sem góðan stuðning fyrir börn í heimanámi og almennu tímaskipulagi.

Henrik Wergeland sagði: „Tíma sem er sóað

finnur maður ekki aftur – þó að lengi sé leitað.“ Þessi sannindi eiga við um skóla, heimili og einstaklinga, fyrirtæki og heilbrigðisstofnanir. Tímavakar hjálpa jafnt einstaklingum sem hópum að forðast óþarfa tímasóun með því að hámarka góða nýtingu líðandi stundar.

**Tímavakar** nýtast meðal annars í:

- Stærðfræðikennsla
  - Byrjenda- og sérkennsla
  - Stjórnun á próf- og/eða verkefnaátíma
  - Stjórnun á heima- og sjálfsnámi
  - Stjórnun á leiktíma barna
  - Stjórnun á matar- og kaffihléum o.þ.h.
  - Stjórnun á alls konar „biðtíma“
  - Stjórnun á tíma fólks með alvarlega fötlun
  - Stjórnun á tíma ráðgjafa, sjúkrapjálfa o.fl.
  - Tíma- og fundastjórnun
- Ávinningurinn af notkun tímavaka er óumdeilanlegur. Við getum tekið undir spakmæli Benjamins Franklin: „Ef þú elskar lífið skaltu ekki sóa tímanum því tíminn er það sem lífið er búið til úr.“

**Óskar Sigurðsson M.A.**

Höfundur er vöru- og verkefnastjóri náms- og kennslugagna hjá A4 Skrifstofu og skóla.



Ljósmynd frá höfundri

Netla



## Félagsfræði menntunar – ritdómur

**Hannes Ísberg Ólafsson** hefur birt ritdóm í Netlu um bókina Félagsfræði menntunar eftir Gest Guðmundsson. Í ritdómi sínum segir Hannes meðal annars: „Þegar ég hóf réttindanám framhaldsskólakennara upp úr 1980 byggðist námið mjög á kenningum námsálarfræðinnar en sérmenntaðir kennslufræðingar voru líka að koma til starfa. Megináhersla var lögð á hvernig kennarar ættu að kenna og nemendur að læra fremur en að velta upp markmiðum: hvað nemendur skyldu læra og hvers vegna. Í Evrópu höfðu róttækir prófessorar þá þegar brett upp ermarnar og voru tilbúnir að taka skólann til gagn Gerrar endurskoðunar. Þeir vildu skoða hvernig skólinn væri afkvæmi aðstæðna í samfélaginu og hvaða hlutverki hann gegndi fyrir samfélagið. Fyrir marga þeirra var félagsfræðin tæki til að takast á við pólitíska skóla-

stefnu eða hvað bæri að gera á meðan sálfræðin var tæki til að segja okkur hvernig nemendur gætu helst lært eða hvernig bæri að gera hlutina. Ýmislegt hefur breyst. Kennarar sem áður voru uppteknir af námssálarfræði eru nú sumir hverjir líka í fararbroddi félagsfræðilegrar umræðu um skólamá. Samfélagið er að verða meira rannsóknarefni þeirra sem fást við menntun. Og nú höfum við fengið nýja bók. Útgáfa bókar Gestis Guðmundssonar, Félagsfræði menntunar, er ánægjuleg tíðindi innan félagsfræði menntunar og fyrir alla þá sem hafa áhuga á að kynna félagsfræðinni almennt. Flestir sem koma nálægt menntamállum geta líka fundið þar sýn á menntun sem stundum hefur skort hér á landi.“

Lesið ritdóm Hannesar í heild á vef Netlu, [netla.khi.is](http://netla.khi.is)



### NÝJAR BÆKUR

## Börn alkóhólista og tröllastrákurinn Fýlupúki og félagar hans



Arnheiður Borg



Arnheiður Borg var handhafi íslensku menntaverðlaunanna 2008 í flokki kennara sem hafa skilað merku ævistarfi. Hún hefur samið námsefni um árabíl og nú eru komnar út tvær nýjar bækur eftir hana, *Óboðnir gestir* og *Ekki segja frá*. „Mér finnst svo mikilvægt,“ segir Arnheiður, „að foreldrar, kennarar og aðrir sem koma að uppeldi barna innræti þeim þau gildi sem þeir telja mikilvægust. *Óboðnir gestir* gerist meðal trölla sem eru sko alls ekki dyggðug. *Ekki segja frá* er um systkini sem alast upp hjá sídrukknu foreldri. Talið er að um það bil fjórða hvert barn búi við áfengisvandamál og allt sem því fylgir. Þess vegna er ég að gefa út þessar bækur í bókaflaknum **Græna bókinn** sem fjallar um lífsgildin og okkar innri mann. Það er lítið talað um þessa hluti og bækurnar falla vel að lífsleiknámí.“

## Hugvekjur á aðventu

ReykjavíkurAkademían er samfélag sjálfstætt starfandi fræðimanna, rithöfunda og listamanna. Nokkrir þeirra hafa fléttað saman alvöru fræðanna og gamansömum hugleiðingum, pakkað í jólapappír og bjóða nú skólum, fyrirtækjum og stofnunum á aðventunni. Hugvekjurnar eru 15-20 mínútna langar.

**Faðir vor í leit að sjálfum sér.** Björg Árnadóttir blaðamaður og kennari.

**Síðfræði jólaanna.** Gunnar Hersveinn rithöfundur og heimspekingur.

**Beðmál í borginni.** Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur og forstöðumaður Miðstöðvar einsögurannsókna.

**Er Ísland ennþá stórasta land í heimi?** Viðar Hreinsson íslenskufræðingur og framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar.

Nánari upplýsingar hjá ReykjavíkurAkademíunni í síma 844 8645 eða [ra@akademia.is](mailto:ra@akademia.is)

## Waldorfleikskólinn Ylur

### Leikskólakennari óskast

Litill einkarekinn leikskóli í guðsgrænni náttúrunni, óskar eftir skapandi og hjartahlýjum leikskólakennara. Viðkomandi þarf að eiga auðvelt með samskipti, geta unnið sjálfstætt og hafa góða yfirsýn.

Þekking og/eða áhugi á Waldorf-uppeldisfræði Rudolf Steiner er nauðsynleg.

Uppl. í s. 5874499 milli kl.9 og 15

Umsókn sendist á [waldorf@simnet.is](mailto:waldorf@simnet.is)



Menntun og skóli fyrir alla

# Þeir Jónar Comenius og Thorkillius

Comeniusaráætlunin sem kennarar þekkja vel er nefnd eftir tékkneska guðfræðingnum, heimspekingnum og uppeldisfrömuðinum **John Amos Comenius** (1592-1670) eða, á tékknesku, Jan Amos Komenský. Hann var sannfærður um að einungis með menntun gæti maðurinn nýtt hæfileika sína til fulls og barðist fyrir því að sem flestir fengu notið skólagöngu, líka konur og fátæklingar. Hugmyndin um menntun fólks með fötlun hefur líklega ekki verið áberandi á þessum tíma – ella hefði Comenius að vonum rætt um hana líka – en þó var Bonifacio búinn að skrifa rit um táknmál (List tákna, 1616) og frá og með árinu 1755 opnaði hver skólinn af öðrum í Evrópu sem sinnti menntun heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Til að setja Comenius í frekara sögulegt samhengi má nefna að hann var samtíma- maður Descartes og Miltons, var 35 ára þegar Tyrkjaránið átti sér stað og á svipuðum aldri þegar fyrst bárust fregnir af þeim Grýlusonum sem voru til alls ills vísir. Spurning hvort þeir hafi verið frá Alsír? En hvað sem því líður er Comenius talinn af mörgum hafa lagt grunninn að uppeldis- og kennslufræði samtímans. „Höfum bara eitt í hyggju,“ hvatti Comenius okkur til: „Velferð alls mannkyns. Setjum til hliðar eigingirni okkar og sjálfsupphafningu í sambandi við tungumál, þjóðerni og trúarbrögð.“


**Jón Thorkillius** (1697-1759) rektor í Skálholtsskóla var mikill lærdómsmaður og barðist fyrir endurbótum í fræðslumálum á Íslandi. Lærimeistari Jóns, nafni hans Vídalín, hafði einnig barist fyrir skipulögðu skólasterfi með ráðum og dád en ekki haft erindi sem erfiði og sömuleiðis annar Skálholtsbiskup, Jón Árnason, sem lagði fram tillögu árið 1736 um barnaskóla í hverri sýslu. Þetta kemur fram í stórmerkilegri grein, „Ágrip af skólasögu Garðabæjar“, sem kom út í afmælisriti Flata-skóla fyrir rúmum áratug. Þar segir höfundur, Anna Sveinsdóttir kennari, meðal annars um baráttu Thorkilliusar fyrir skólalaldi:

„Skólasögu héraðs okkar barst himna- sending um aldamótin átján hundruð í líki bóknáms- og verknámsskóla sem hvorki fyrr né síðar hefur átt sinn líka í landinu. Þetta var Hausastaðaskólinn. Enda þótt húsín séu löngu rústir einar látum við okkur annt um minninguna um skólann því að hann var reistur í landi okkar Garðabæinga. Í afmælisriti Flata-skóla heidrum við minningu alþýðufræðarans og menningarfrömuðarins Jóns Þorkelssonar með því að rifja upp aðdraganda og stofnun Hausastaðaskóla og skólalald fyrir börn í Kjalarnesþingi og Garðahreppi.

Fyrsti barnaskóli landsins var stofnaður í Vestmannaeyjum 1745. Hann starfaði fram á þann áratuginn en lognaðist út af vegna fjárskorts; leitað var eftir fjárramlagi erlendis (1759) en fékkst ekki. Þetta átti ekki að endurtaka sig með stofnun Hausastaðaskóla 1791, tæpri hálfri öld síðar, þannig hugðist höfundur



5 milljónir barna í heiminum ganga ekki í skóla.



Jan Amos Komenský: „Sólin sendir geisla sína á okkur öll og skiptir sér ekkert af því þótt við lítum hvert annað hornauga. Rósin angar jafn unaðslega fyrir gyðinga, kristna og múslima.“

Jón Þorkelsson (minnisvarði Ríkharðs Jónssonar): Talinn meðal þeirra Íslendinga sem fyrstir urðu fyrir áhrifum frá Upplýsingunni. Hann var einn menntaðasti maður þjóðarinnar á sinni tíð og mjög agaður embættismaður.

skólans, Jón Þorkelsson, búa um hnútana.

Þegar skyggst er til upphafs skólalalds barna í Hausastaðapinghá í lok 18. aldar blasir við „herlegt slot“ umkringt torfbæjum, byggt yfir öreigabörn til að halda í þeim lífinu og koma þeim til manns. Þetta er skóli reistur á gamla þingstaðnum, Hausastöðum, fyrir dánargjöf Jóns Þorkelssonar, Thorkillii-sjóðinn.

Við lát sitt lét Jón Þorkelsson eftir gjafabréf þar sem hann arfleiddi fátækustu börn Kjalarnesþings að öllum eignum sínum. Var þar saman kominn mikill auður, óskertur arfur frá foreldrum hans, lausafé og jarðir, auk eigna sem honum söfnuðust, en Jón var maður hófsamur. Ekki hefur verið gerð tilraun, að því er virðist, til að umreikna Thorkillii-sjóðinn til gengis íslenskrar krónu en tala ríkisdala og jarðeigna sjóðsins, samtals tíu jarðir og jarðapartar, þar með taldar jarðirnar Innri-Njarðvík og Kalmanstjörn, segir sína sögu.

Þess er getið að eftir lát Ljótunnar móður Jóns hafi umboðsmaður hans „flutt gull og silfur og annað lausafé inn í Hólmskaupstað á þremur hestum er allt skyldi fara til Jóns“. Skyldi stofna sjód af eignum hans og árlegum vöxtum varið börnunum til andlegra og líkamlegra þrifa uns þau yrðu sjálfbjarga.“ Fram kemur í grein Önnu að farið var eftir ákvæðum erfðaskrárinnar við stofnun og rekstur Hausastaðaskóla í tuttugu ár, síðan ekki söguna meir. Sjóðurinn þurrkaðist loks út í verðbólgu á ofanverðri 20. öld.

Enn eignum langt í land með að þessi sjálf-sögðu réttindi, menntun og skóli fyrir alla, verði að raunveruleika. 75 milljónir barna í heiminum ganga ekki í skóla og 776 milljónir fullorðinna hafa ekki fengið tækifæri til að læra að lesa og skrifa.

keg

# NÝJAR OG LÍFLEGAR BÆKUR UM RITUN OG ÁHRIF SAGNARITUNAR



## SVART Á HVÍTU – KENNslUBÓK UM RITUN

Rithöfundurinn og kennslubókahöfundurinn Ragnheiður Gestsdóttir hefur sent frá sér þessa nýstárlegu bók sem fjallar um móðurmálið og ritun þess. Hér opnast augu lesenda fyrir því undri sem ritun texta er og í bókinni eru bæði verkefni og umræðuefni.

Nálgunin er þverfagleg og myndlist, menningarsaga, ritlist og leturgerð koma við sögu.



## GÁSAGÁTAN

Í júnímánuði árið 1222 leggur skip að bryggju að Gásum í Eyjafirði. Um borð eru tveir bræður: Kolsveinn, kominn til að hefna föður síns, og yngri bróðir hans, Kálfur, sem ferðast með dularfullan böggul. Á Gásum er líf og fjör en ekki eru allir komnir þangað í heiðarlegum tilgangi.

Í sögunni bregður fyrir ýmsum sögufrægum persónum, t.d. Guðmundi Arasyni, Gissuri Þorvaldssyni og Snorra Sturlusyni. Höfundur bókarinnar, Brynhildur Þórarinsdóttir, studdist við sögulegar heimildir og rannsóknir fornleifafraeðinga við gerð sögunnar.



## HETJUR

Þórhallur er fluttur með fjölskyldunni til Þrándheims í Noregi. Í skólanum þekkir hann engan og gengur undir nafninu Túrhalur Túrðarson. Yfir og allt um kring gnæfir löngu dauður kóngur eins og hann væri enn í fullu fjöri. Af hverju halda allir að það sé gaman að búa í útlöndum? Og hvernig í ósköpunum á strákur úr Hlíðunum að lifa þetta af?

Í þessari margslungnu sögu fléttar Kristín Steinsdóttir saman fornum sögum við nútímatburði og veltir því fyrir sér hvað það felur í sér að vera hetja.

Kennsluleiðbeiningar við *Hetjur* eru á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



FORLAGIÐ  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

# Tímavakar

Sjónrænir tímamælur  
Ápreifanleg tímastjórnun

Ávinningur fyrir: nám og kennslu, sérkennslu,  
heimili og fyrirtæki



**Tímavaki: 20 x 20 sm með hljóðmerki. SB611040**

Stærð Tímavakans gerir hann að þeim notadrygsta í safni okkar. Hann er bæði fyrir einstaklinga sem hópa og er hannaður til að standa á borði eða hanga uppi á vegg.

**Tímavaki: 30 x 30 sm, með hljóðmerki. SB611033**

Þessi Tímavaki er hannaður fyrir skólaföfuna og hópvinnu. Stærð hans og áberandi tölugildi auðvelda sjónskertum að lesa á skífuna. Tímavakinn er hannaður til að standa á borði eða hanga uppi á vegg.

**Armbandsvaki, yngri (styttri ól: 4.75" – 6.75") SB611053**

**Armbandsvaki, eldri (lengri ól: 5.75" – 7.75") SB611054**

Hannaðir sem armbandsúr með 60 mín. tímamörk, og „vekjaraklukku“ fyrir tímamörk (valkostur).

**Úrvaki, yngri (styttri ól: 4.75" – 6.75") SB611055**

**Úrvaki, eldri (lengri ól: 5.75" – 7.75") SB611056**

Hannaður sem armbandsúr með möguleika á hefðbundnu og/eða stafrænu útliti á skífu, „vekjaraklukku“, 12 klst. tímamörkum, „vekjaraklukku“ fyrir tímamörk og ljósi í bakgrunni. Vatnsheldur að 30 mtr. dýpi.

**Tímavaki CD-ROM. SB611039**

Forritið sýnir á frumlegan hátt hvað tíminn líður með því leyfa notandanum að styðjast við klst., mín. og sek. á „rauntíma“. Tímavakinn getur þakið allan tölvuskjáinn eða birst sem lítill gluggi með öðrum forritum. Fyrir bæði Win. og Mac.

**Tímavaki: persónulegur með hljóðmerki. SB611052**

Lítill, endingargóður og léttur Tímavaki sem auðvelt er að hafa á sér. Hann er með loki sem virkar sem borðstandur þegar það er opið.

**Tímavaki: auður bakgrunnur, 20 sm, 3 stk. TIM611057**

**Tímavaki: auður bakgrunnur, 30 sm, 3 stk. TIM611059**

Fylgihlutir fyrir Tímavaka 20 og 30 sm. Um er að ræða þrjá auða bakgrunna sem gerir notendum kleift að sérhanna Tímavakann sinn með límmiðum, töflutússpennum með útpurkanlegu bleki o.s.frv. Með þessu móti má fella tímastjórnun enn betur að atburðaröðun og sérþörfum einstaklinga.

**Tímavaki: límmiðar á 20 sm bakgrunn. TIM611058**

**Tímavaki: límmiðar á 30 sm bakgrunn. TIM611060**

Fylgihlutur fyrir Tímavaka 20 og 30 sm. Límmiðarörk með táknmyndum (ath. heitin eru á ensku).

Hafið samband við söludeild okkar vegna  
verðupplýsinga og pantana eða heimsækið  
vefinn okkar: [www.a4.is](http://www.a4.is) og sláið inn í leitina:  
Tímavaki.



# A4

## Skrifstofa og skóli

Smáratorgi + Kópavogi  
Sími 515 5100 + [www.a4.is](http://www.a4.is)